



**Útgefandi:**

H-prent ehf.  
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður  
Sími 456 4560,  
Fax 456 4564

**Ritstjóri:**

Sigurjón J. Sigurðsson,  
sími 892 5362, bb@bb.is

**Blaðamaður:**

Kristinn Hermannsson  
sími 863 1623  
kristinn@bb.is

**Ritstjóri netútgáfu:**

Hlynur Þór Magnússon  
sími 892 2240  
hlynur@bb.is

**Ljósmyndari:**

Halldór Sveinbjörnsson  
sími 894 6125,  
halldor@bb.is

**Ábyrgðarmenn:**

Sigurjón J. Sigurðsson og  
Halldór Sveinbjörnsson  
**Fréttavefur:** www.bb.is

**Önnur útgáfa:**

Á ferð um Vestfirði

**Umboðsaðilar BB:**

Eftirlitadur aðilar sjá um  
dreifingu á blaðinu á þétt-  
býlistöðum utan Ísa-  
fjarðar: **Bolungarvík:**

Sólveig Sigurðardóttir,  
Hlíðarstræti 3, sími 456  
7305. **Súðavík:** Sólveig

Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími  
456 4106. **Suðureyri:**

Deborah Anne Ólafsson,  
Aðalgötu 20, sími 898  
6328. **Flateyri:** Gunnhildur

Brynjólfadóttir, Brimnesvegi  
12a, sími 456 7752.

**Þingeyri:** Anna Signý  
Magnúsdóttir, Hlíðargötu  
14, sími 456 8233.

**Sölustaðir á Ísafirði:**

**Hamraborg,** Hafnarstræti  
7, sími 456 3166. **Flug-**

**barinn,** Ísafjarðarflugvelli,  
sími 456 4772. **Bónus,**

Ljóninu, Skeiði, sími 456  
3230. **Bókhlaðan,** Hafn-

arstræti 2, sími 456 3123.  
**Bensinstöðin,** Hafnarstræti,  
sími 456 3574. **Samkaup,**

Hafnarstræti 9-13, sími 456  
5460. **Krílið,** Sindragata 6,  
sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250  
eintakið m.vsk. Áskriftaverð  
er kr. 215 eintakið. Veittur  
er afsláttur til elli- og  
örorkulífeyrisþega. Einnig  
sé greitt með greiðslukort.

# Hæfir ekki ímyndinni að henda sígarettustubbum úti í náttúrunni

– segir Dorothee Lubecki, ferðamálafulltrúi Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða

Ferðapjónusta á Vestfjörðum hefur mikla möguleika í sjálfbærri ferðamennsku, að mati Dorothee Lubecki, ferðamálafulltrúa Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða (AtVest). Hún segir kunnahópin af kröfuharðan og því þurfi að kunna vel til verka. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða vinnur nú að því að koma á samstarfi um verkefni sem er styrkhaft í Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (Northern Periphery Project) og tekur á þróun sjálfbærrar ferðamennsku.

Dorothee segir að ætlunin sé að vinna með heimamönnum sem eru nú þegar komnir af stað og eru að leita leiða til

að þróa og kynna nýjungar á markaðinum. „Markmiðið með verkefninu er að auka meðvitund um það sem telst umhverfisvænt eða sjálfbært og auka þekkingu á því hvernig eigi að fullhanna ferðapakka á þeim grunni og markaðssetja þá“, segir Dorothee.

Stefnt er að þriggja ára verkefni í samvinnu við Norðmenn, Svía, Finna og Skota en Dorothee segir að enn sé verið að leita samstarfsaðila á Grænlandi og í Færeyjum. „Hérna heima verðum væntanlega í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, Hólaskóla og Ferðapjónustu bænda. Verkefnið tekur að mestu mið af litlum

ferðapjónustufyrirtækjum í dreifbýli. Við gerum okkur vonir um geta fengið talsverða styrki til að þróa þetta áfram ef við fáum grænt ljós frá Norðurslóðaáætluninni í haust“, segir hún.

„Við erum mislangt komin á Norðurlöndum í hugmyndafræði og meðvitund gagnvart öllum þessum grænu og sjálfbærnu þáttum. Sjálfbærni er í rauninni þrjú. Við gerum eitthvað sem skaðar ekki umhverfið. Við berum virðingu fyrir því sem fyrir er, bæði menningu og fólki. Í þriðja lagi þarf það sem við tökum okkur fyrir hendur að skila sér í hagnaði til þeirra sem búa á svæðinu. Ferðapjónust-

an á Vestfjörðum er kannski ekki alveg meðvituð um að hún getur fundið sér stað á þessum græna markaði erlendis og að í flestum tilfellum vantar ekki margt upp á til að uppfylla helstu kröfur. Ég vil í raun brúa þetta bil og jafnframt sýna mönnum hvað þeir geta gert til að standa sig enn betur.“

Markaður fyrir „grænar ferðir“ fer stækkandi. Dorothee segir að til að geta staðið undir nafni og gert út á markaðinn þurfi heimamenn sem eru að starfa í geiranum að vita nákvæmlega um hvað málið snýst. „Þetta eru kunnar sem eru búnir að fá nóg af öllum pakkaferðum og öllu

sem búið er að eyðileggja, þannig að þeir vilja virkilega að varan sé fyrsta flokks. Til dæmis er það mjög ósmekkelegt og passar alls ekki inn í ímynd sjálfbærrar ferðapjónustu að henda sígarettustubbum úti í náttúrunni. Sumir aðilar í ferðapjónustu erlendis telja sígarettur sem farið er með í ferðina og bera svo saman við fjölda sígarettustubba sem koma til baka. Þetta er bara eitt dæmi sem menn eru oft ekkert meðvitadur um“, sagði Dorothee.

Nú þegar er í gangi verkefni á sem er styrkt af Norðurslóðaáætluninni. Það er Gíslasöguverkefnið sem greint var frá hér í blaðinu fyrir nokkru.

## Bresk barnabók um heimsmenninguna í deigluinni

# Sólarkaffi Ísfirðinga talið verðugt viðfangsefni í „People of the World“

Breski útgáfurinn Dorling Kindersley vinnur nú að handbók fyrir börn sem bera mun nafnið „People of the World“ og fjallar um menningu hvernar heimsálfu. Ætlunin er að hafa sérkafla helgaðan Íslandi þar sem meðal annars verður fjallað um hina ísfirsku hefð að halda Sólarkaffi og viðhorf Ísfirðinga til endurkomu sólarinnar sem hverfur þeim um langt skeið á hverju ári. Lorna Ainger hjá Dorling Kindersley í London vinnur að útgáfu bókarinnar og segir að þessi skemmtilega hefð hafi vakið athygli

þeirra sem að verkinu standa. Gerð verði grein fyrir margs konar sérstæðum fyrirbærum á Íslandi, svo sem hverum og jarðhita. „Við nálgumst efnið út frá hverri heimsálfu fyrir sig og tökum nokkur lönd betur fyrir, meðal annars Ísland. Í kaflanum um Evrópu fjöllum við einnig sérstaklega um athyglisverð fyrirbæri í Finnlandi og í Þýskalandi“, sagði Lorna. Meðal annars var leitað fanga í myndasafni bb.is við gerð bókarinnar. Gestir á sólar-kaffisamsætum undanfarna ára geta átt von á því að birtast í bókinni.



Hressir Ísfirðingar á Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins í Reykjavík 2001.

## RITSTJÓRNARGREIN

# Menningarbærinn Ísafjörður

Þegar þau tíðindi spurðust, að ríkisstjórnin hygðist skáka fimm „menningarhúsum“ til jafnmargra byggðalaga og að Ísafjörður væri þar á meðal, rifjaði blaðamaður BB upp þau fleygu ummæli Ragnars H. Ragnar heitins, að hús væri ekki skóli.

Ef til vill átti þessi ábending blaðamannsins sinn þátt í því, að Ísfirðingar töldu ekki þörf fyrir fleiri hús en þegar eru fyrir, til að hýsa þá menningu sem hér blómstrar og haldið hefur nafni bæjarins á lofti svo eftir hefur verið tekið. Hús er nefnilega ekki menning frekar en skóli. Það sem á finu máli kallast „menningarhús“ er einungis athvarf fyrir fólk þar sem það getur tjáð sig með tónum, í leik og með myndum eða hverju öðru því formi sem henta þykir til að færa sköpunargleði í búning og koma henni á framfæri. Að hugsanlegt framlag ríkisins í nýjan steinkassa væri betur komið til endurbóta og frágangs á því húsnaði sem fyrir er var skynsamleg ákvörðun.

Allt frá því að tónskáldið og organistinn Jónas heitinn Tómasson stóð fyrir stofnun fyrsta tónlistarskóla landsins á Ísafirði árið 1912 hefur tónlistargöðjan setið í öndvegi hér í bæ. Hróðurinn sem Tónlistarskóli Ísafjarðar hefur áunnið sér langt út fyrir bæjarmörkin mun lifa áfram, svo lengi sem við stöndum saman um að halda

merkinu á lofti. Hljómleikasalurinn Hamrar var þarft framtak og langþráð.

Saga Leikfélags Ísafjarðar og síðar Litla leikklúbbsins ber leiklist í bænum gott vitni. Dirfska frumkvöðlanna að ævintýrinu um Edinborgarhúsið á sér vart hliðstæðu. Sú listsköpun sem þar á eftir að eiga sér stað mun auka veg bæjarfélagsins og koma því til góða á margan hátt. Áhersla bæjarfélagsins í samningnum við Listaskóla Rögvaldar Ólafssonar speglast í „sérstöðu skólans sem alhliða listaskóla“, enda „um að ræða starfsemi sem er einstök á landsbyggðinni og því mjög dýrmæt fyrir samfélagið“, eins og Halldór Halldórssonar bæjarstjóri komst að orði við undirritun samningsins.

Þegar Byggðasafnið verður komið í hús í Neðstakaupstað mun það ásamt Sjóminjasafninu og umhverfinu sem þar er verða einhver heildstæðasta mynd yfir tíma byggingar og atvinnuháttu sem völ er á hérlandis. Að Safnahúsinu, Edinborg, Hömrum og Slunkaríki viðbættu fer ekki á milli mála, að Ísafjarðarbær hefur sitt-hvað upp á að bjóða ferðafólki til afþreyingar og varðveislu í minningasjóði hvers og eins. Draumur um „Sydney-höll“ við Pollinn bíður betri tíma með fleiri blóm í haga.

s.h.

bb.is

púlsinn fyrir vestan



# Heldur sýningu í Sívala- turni í Kaupmannahöfn

Dýrfinna Torfadóttir gullsmíðameistari frá Ísafirði hefur verið kjörin formaður Félags íslenskra gullsmiða. Á morgun heldur hún til Kaupmannahafnar þar sem henni hefur verið boðið að halda sýningu á verkum sínum í hinum gamlafræga Sívalaturni. Sýningin verður opnuð á föstudag og stendur út apríl. „Þeir Vestfirðingar sem verða á ferð í Kaupmannahöfn á þessum tíma ættu endilega að

kíkja“, segir Dýrfinna.

Eins og kunnugt er fluttist Dýrfinna suður á Akranes fyrir fáum árum og hefur þar vinnustofu en ekki verslun. Rekstur verslunarinnar Gullauga á Ísafirði hefur frá þeim tíma verið í höndum bróður hennar, Arnar Torfasonar sjóntækjafraðings. Dýrfinna segir mikil viðbrigið að standa ekki lengur í verslunarrekstri. „Hér sit ég bara á verkstæðinu allan daginn og hef algeran vinnufrið,



Dýrfinna Torfadóttir.

öfugt við það sem var“, segir hún. Dýrfinna sendir smíðisgripi sína að sjálfsögðu í sölu vestur í Gullauga og líka selur hún þá hjá Ófeigi á Skólavörðustígnum.

Félagsmenn í Félagi íslenskra gullsmiða eru um 90. Á næsta ári verður félagið 80 ára og segir Dýrfinna mikla vinnu framundan vegna undirbúnings afmælisins. „Skilaðu svo kveðju til allra heima“, sagði Dýrfinna í lokin.

## UMFÍ gerir samning við Héraðssamband Vestfirðinga

# Þjónustumiðstöð fyrir Vestfirði verður á Ísafirði

Skrifað hefur verið undir samning milli Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) og fimm héraðssambanda um rekstur þjónustumiðstöðva UMFÍ á landsbyggðinni. Á Ísafirði mun Héraðssamband Vestfirðinga (HSV) sjá um rekstur þjónustumiðstöðvar fyrir Vestfirði. Samkvæmt samningnum greiðir UMFÍ hverju sambandi eina milljón króna á ári fyrir rekstur miðstöðvanna.

Karl Jónsson, hjá HSV, segir þetta mikinn styrk fyrir starfsemi sambandsins.

„Þessi verkefni sem við vinnum fyrir UMFÍ eru einn liðurinn í að gera okkur kleift að halda úti starfsmanni og öflugum rekstri á vegum héraðssambandsins.“

Hlutverk miðstöðvanna er að þjónusta félagsmenn á viðkomandi svæðum og hjá nærliggjandi héraðssamböndum og stýra verkefnum UMFÍ á

svæðinu. „Þjónustumiðstöðin okkar mun til dæmis leika lykilhlutverk í upplýsingastreymi til annarra héraðssambanda vegna Unglingalandsmótsins á Ísafirði í sumar. Við erum þegar farnir að fá margs konar fyrirsurnir vegna mótsins“, segir Karl.

Aðrar þjónustumiðstöðvarnar UMFÍ og héraðssambandanna verða í Borgarnesi, á Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi.

## Bæjarráð Ísafjarðarbæjar

# Vill ráðast í gerð gervi- grasvallar á Torfnesi

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar leggur til við bæjarstjórn að ráðist verði í gerð gervigrasvallar á íþróttasvæðinu á Torfnesi. Á fundi bæjarráðs á mánudag lagði Sigurður Mar

Óskarsson bæjartækni- og framgögn varðandi gerð slíks vallar á þeim stað. Fullvíst má telja að bæjarstjórn staðfesti tillögu bæjarráðs. Jafnframt fól bæjarráð

nefnd um uppbyggingu Torfnesvallar að vinna áfram að málinu, enda verði verkið unnið á ábyrgð Ísafjarðarbæjar. Formanni bæjarráðs, er ætlað að stýra nefndinni.

## Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf.

# Mjög góður afli hjá út- hafs-rækjuskipunum

Úthafs-rækjuveiðarnar hjá skipum Hraðfrystihússins - Gunnvarar hf. hafa gengið með ágætum undanfarið og hafa glæðst mjög frá því sem var fyrir áramót, að sögn Kristins Kristjánssonar hjá rækjuverksmiðju HG í Súðavík. „Í þessum töluðum orðum er Andeyin búin að fiska rétt tæp 30 tonn. Stefni er kominn með rúm 30 tonn og landar

klukkan þrjú í nótt og Framnesið er með um 25 tonn, þannig að það er mjög góður gangur í úthafinu“, sagði Kristinn í samtali við blaðið.

Í síðustu viku landaði Andey 30,5 tonnum, Framnesið landaði 29,5 tonnum og Stefni 18 tonnum. „Fyrir áramót dró úr veiðinni og við stoppuðum skipin en þetta er að glæðast núna“, segir Kristinn.

Mörg útlutningsfyrirtæki hafa lýst áhyggjum sínum af gengi krónunnar að undanförnu. „Skilaverðið á rækjunni til okkar ræðst ákaflega mikið af genginu og við þolum illa þessa gengisstefnu. Við þurfum að fá herra pund því að 90% af rækjuafurðunum fara til Bretlands. Í fiskinum þurfum við að fá sterkan dollar“, segir Kristinn Kristjánsson.



Fræðslumiðstöð  
Vestfjarða

## Háskólakynning á Ísafirði

Föstudaginn 21. mars og laugardaginn 22. mars munu allir skólar á háskólastigi hérlandis kynna starfsemi sína.

Kynningin verður í Menntaskólanum á Ísafirði, 1. hæð og stendur frá kl. 12-18 á föstudag og frá kl. 10-14 á laugardag.



Fræðslumiðstöð Vestfjarða  
Menntaskólinn á Ísafirði

## Útboð

Klofningur ehf., fiskþurrkun á Suðureyri óskar eftir tilboðum í viðbyggingu við vinnsluhús fyrirtækisins að Aðalgötu 59 á Suðureyri. Viðbyggingin sem kemur við vesturgöf húsins er úr stáli, með stállektum og klædd með einangruðum stálsamlökueiningum.

Helstu magntölur eru áætlaðar; gröftur 120m³, mót 100m², steypa 30m³, stálgrind 6.500 kg og einingar 314 m². Verklok eru áætluð 1. júní 2003.

Útboðsgögn verða afhent hjá Tækniþjónustu Vestfjarða ehf., Aðalstræti 26, Ísafirði frá og með fimmtudeginum 20. mars 2003. Tilboð verða opnuð á sama stað fimmtudaginn 27. mars 2003 kl. 11:00.

TÓNLIST  
RICHARD RODGERS SÖNGTEXTAR  
OSCAR HAMMERSTEIN II  
LEIKRIT BYGT Á ÆVI MARIU VON TRAPP  
HOWARD LINDSEY  
& RUSSELL CROUSE

the sound of music  
söngvaseiður

LEIKSTJÖRI:  
ÞÓRHILDUR ÞORLEIFSDÓTTIR  
LITLI LEIKKLUBBURINN  
& TÓNLISTARSKÓLI  
ÍSAFJARÐAR

TVÆR FRUMSÝNINGAR:  
föstudaginn 21.mars kl. 20:00  
&  
sunnudaginn 23.mars kl. 20:00

NÆSTU SÝNINGAR:  
miðvikudaginn 26.mars kl. 20:00  
föstudaginn 28.mars kl. 20:00  
sunnudaginn 30.mars kl. 16:00  
laugardaginn 5.apríl kl. 20:00  
sunnudaginn 6.apríl kl. 16:00

MIÐAPANTANIR Í SÍMA 691 0383





# Gæti beðið móðurbróður minn um sæti á framboðslista

– segir Benedikt Hreinn Einarsson, menntaskólanemi og ungleikari

Ungt fólk hefur gjarnan aðra sýn á lífið á tilveruna en hinir eldri sem hafa mót að með sér staðalhugmyndir samtímans. Benedikt Hreinn Einarsson er fulltrúi kraftmikillar kynslóðar fólks sem fæddist um líkt leyti og kvótakerfið, fólks sem mótar nú tíðarandann innan Menntaskólans á Ísafirði og setur ríkulegan svip á bæinn. Benni eins og hann er jafnan kallaður stendur á styrkum merg Vestfirðinga, sonur hjónanna Önnu Karénar Kristjánsdóttur og Einarars Hreinssonar á Ísafirði. Eins og margir samferðamennirnir fæst Benni við fjölbreytt viðfangsefni og þarf að kljást við spurningar um framtíðina, hvað hún beri í skauti sér og hvernig sé best að búa sig undir hana. Við ræðum við þennan bjartsýna raunsæismann um viðfangsefni dagsins í dag, um framtíð hans og framtíð Vestfjarða.

– Nú hefurðu verið að

leika í Sólrísuleikritinu Að Eilífu. Hvernig hefur gengið?

„Alveg rosalega vel. Fólk segir mér það allavega.“

– Þú ferð með eitt af aðalhlutverkunum í sýningunni, ekki satt?

„Jú, Telma Kristinsdóttir leikur á móti mér. Hún er brúðurin en ég er brúðguminn.“

– Og viðtökur við leikritinu góðar?

„Já, það held ég. Fólk hefur að minnsta kosti hlegið vel. Kennaramir sögðu að þetta hefði verið mjög fyndið og pabbi sagði líka að þetta hefði verið skemmtilegt.“

– Hefur þú fengist mikið við leik áður?

„Ég hef reyndar aldrei leikið áður – nema á árs hátíð í 9. bekk í grunn-skólanum.“

– En þetta liggur vel fyrir þér?

„Jú, ætli það ekki. Mér er sagt það. Ég var náttúrulega

plataður í þetta í upphafi. Kærastan dró mig út í þetta.“

## Leiklistarskólinn kemur til greina

– Baldur Trausti Hreinnson leikari er föðurbróðir þinn. Liggur þetta jafnvel í genunum?

„Ég veit það ekki. En ég stóla að minnsta kosti á að þetta sé í genunum og því hljóti ég að geta bjargað mér. Ingvar Alfredsson frændi minn leikur tvö önnur hlutverk í leikritinu þannig að við segjum alltaf að þetta sé í blóðinu. Systir mín er líka í þessu þannig að þetta er orðið ágætis ættarveldi.“

– Í framhaldi af þessari sýningu – er þá næsta mál á dagskrá að ganga til liðs við lögregluna eins og Baldur Trausti og fara svo í leiklistarskólann?

„Ég veit það nú ekki. En það er allt í lagi að reyna.



Ég held samt að ég hlaupi yfir að fara í lögguna.“

## Guðni húsvörður er með á notunum

– Nú ertu á fullu að stússast í öðrum hlutum í kringum Sólríshátíðina ...

„Já, við vorum að lesa fundargerðarbók nemendafélagsins einhvern tímann í haust. Þar á fyrstu blaðsíðu er talað um Gallerí Gang sem hóf göngu sína hérna árið 1995. Sú góða hugmynd kom upp hvort við ættum ekki að setja þetta aftur af stað. Ég talaði við Sunnu forseta og Ingvar formann Sólrísunefndar og þau tóku vel í þetta, þannig að það var ákveðið að koma þessari hugmynd á skrið. Ég bað um að fá að vera gallérísstjóri og þetta hefur eiginlega allt verið sett í mínar hendur. Við höfum til sýnis verk nemenda, ýmist gömul eða sérstaklega unnin af þessu tilefni.“

– Stendur til að koma upp

myndlistarhefð hérna í skólanum?

„Já – á sýningunni 1995 voru hérna skúlptúrar og virkilega fjölbreytt og flott safn listaverka. Við erum kannski mest að byggja upp fyrir næsta ár – koma þessu af stað.“

– En það sem mestu máli skiptir – er Guðni Ásmundsson húsvörður velviljaður þessu framtaki?

„Já, hann vill allt fyrir okkur gera. Hann lánaði okkur til dæmis flekana sem við notum við uppsetningar á myndunum. Við vorum reyndar núna að teppaleggja og gleymdum að spyrja um leyfi en við ræðum það við hann í fyrramálið.“

## Á ættarmóti allt sumarið

– Þú hefur stússast við það undanfarin sumar að liðsinna ferðafólki á reisum um Hornstrandafriðlandið ...

„Einmitt, svokölluðum túrhestum. Ég hef verið að

vinna hjá Hornströndum ehf., fyrirtæki Henrys Bæringssonar hérna á Ísafirði. Ég var plataður í þetta líka. Það vantaði einn til að leysa af í nokkra daga. Þá var hringt í mig og ég hef ekki fengið frá síðan.“

– Er ekki skemmtilegt að hitta allt þetta fólk og koma á alla þessa fallettu staði?

„Jú, það er rosa gaman og líka nóg að gera. Maður vinnur alla daga og allar helgar. Ég taldi frídagana mína síðasta sumar og þeir voru fimm eða sex. En þetta er fínt og maður fær ágætlega borgað. Ég fæ líka tækifæri til að koma reglulega á slóðir ættarinnar í Aðalvík. Kem þangar raunar á hverjum degi yfir sumarið, ég held að ég hafi talið fjórar eða fimm ferðir þangað einn daginn. Maður þekkir líka veflest fólkið sem er á ferðinni og það þekkir mig líka. Þetta er meira og minna fólk sem maður er eitthvað tengdur.“

– Þetta er eins og á ættarmóti allt sumarið hjá þér ...

### Fjarnám í tölvunarfræði

Fjarnám í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík – á Vestfirðum

Háskólinn í Reykjavík (HR) býður fjarnám í tölvunarfræði og er stétt að því að vinnuástaða fyrir nemendur verði í boði á Ísafirði og Patreksfirði.

Háskólinn í Reykjavík hefur boðið fjarnám í kerfisfræði frá árinu 1998 og hefur það gefið góða raun. Í hefðbundnu námi er kerfisfræði tveggja ára nám en í fjarnámi er það tekið á hálfum hraða – tvö námskeið á haustönnu og tvö námskeið á vorönnu. Að auki taka fjarnemendur þriggja vikna verkleg námskeið á vorönnu (apríl/mái) sem krefst þess að nemendur vinni steðbundið í þrjár vikur undir handleiðslu verkefniskennara.

Ásrun Matthíasdóttir, lektor við HR, verður með opinni kynningarfund á háskólaopningu í Menntaskólanum á Ísafirði um námið, laugardaginn 22. mars kl. 13:00-14:00. Allir áhugasamir eru boðnir velkomnir.

Nánari upplýsingar má nálgast á [www.ru.is/tel](http://www.ru.is/tel) og jafnframt með því að senda póst á [katrie@ru.is](mailto:katrie@ru.is)

#### Háskólaopning í Menntaskólanum á Ísafirði

- Föstudaginn 21. mars kl. 12:00 - 18:00
- Laugardaginn 22. mars kl. 10:00 - 14:00

Sérstakur kynningarfundur um fjarnám við tölvunarfræðideild verður kl. 13:00 - 14:00



„Fjarnám í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík gaf mér kost á að stunda háskólanám án þess að þurfa að flytja í annan landshluta. Ég finn að þekkingin sem ég aflaði mér gaf mér tækifæri til að koma í gang nýjum sprotum í einhæfu atvinnulífi og ég hef nú þegar fengið atvinnu þar sem námið nýtist mér vel.“

Þórunn Halldóranardóttir, Hálfmastað, kerfisfræðingur HR

**HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK**  
REYKJAVÍK UNIVERSITY  
Dæmlei 2, 103 Reykjavík, Sími 510 6200



„Já, maður er alltaf að hitta einhvern sem maður þekkir sjálfur eða fólk sem þekkir afa og þannig. Við sem vinnum á bátnum erum líka ættaðir úr Aðalvíkinni meira eða minna. En það er líka mjög gaman að fræða útlendu ferðamennina eins og Þjóðverjana og Hollendingana. Þeir spyrja um allan fjandann. Þeim finnst rosa-lega gaman að koma þarna norður og skemmtilegast þegar er annað hvort mjög gott veður eða hrikalega slæmt. Eins og þegar er þoka, þá taka þeir myndir og eru hæstánægðir.“

– Farið þið þá mest í Aðalvíkina?

„Mest í Aðalvíkina en líka mikið í Hornvík og eitthvað á Hesteyri. Það er vinsæll rúntur að ganga úr Hornvík í Aðalvík og öfugt. Fólknu fjölgar alltaf á þessari leið.“

## Framtíðin óráðin en útlöndin heilla

– Gætir þú átt eftir að fara út í þennan bransa í framtíðinni?

„Það er aldrei að vita. Maður þarf að að fara að þæla í því hvað á til bragðs að taka eftir menntaskólann. Aldrei að vita nema nám í einhvers konar ferðamennskufraðum komi þar upp á borð. Þetta svæði hér vestra býður upp á mikla möguleika varðandi ferðamenn. Það er ekki bara hægt að gera út á Hornstrandir heldur Vestfirði alla.“

– Núna ertu í 3. bekk á náttúrufræðibraut – hver er stefnan?

„Til að byrja með að klára á fjórum árum. Sú áætlun lítur bara vel út í megin-dráttum. Ég á eftir að móta næstu leiki en í grófum dráttum er stefnan að vinna og fara svo í háskóla, annað hvort hérna heima eða í útlöndum. Ég er mjög spenntur fyrir því að fara út og læra þar. En ég held að maður þurfi að vera búinn að safna sér inn einhverjum peningi áður en farið er út í svoleiðis lagað.“

– Fókusinn nær kannski ekki mikið lengra en í þriðja bekkjar ferðalagið í sumar?

„Nei, ekki svo langt. Fókusinn núna nær fram á mánudag eftir Sólrisu þegar síðasta sýningin verður búin. Þriðja bekkjar ferðalagið er svo næsti stóri punkturinn Eftir það fer maður kannski að spá í því að taka próf og klára þetta.“

## Í hita og svita við Kyrrahafsströnd

– Þú bjóst ásamt fjölskyldu þinni erlendis um skeið ...

„Já, við bjuggum í Mexíkó í fimmtán mánuði, í borginni Mazatlán á Kyrrahafsströndinni. Áður höfðum við verið í tvo mánuði í Guymas sem er nokkru norðar. Við bjuggum þarna í miklum hita og svita.“

– Hvernig var að vera



sólbrúnn allan þennan tíma?

„Mér fannst þetta ekkert rosalega gaman. Ég fór í skóla og var þar í eina viku, leið ekkert vel þar og fannst ekkert gaman. Það voru 40 manns saman í bekk og maður skildi ekki neitt. Þeir voru líka komnir frekar langt á undan í námsefninu, eins og í stærðfræðinni. Það eina sem maður gat verið í var enskan og þar var ég miklu betri en allir hinir. Ég gafst upp á þessu, var svo sem á slæmum aldri, þrettán ára þá. Ég fór bara heim til mömmu og hún kenndi mér.

En ég náði alveg að halda áfram á réttu róli þegar ég kom heim.“

– Þið hafið þá stundað sjálfsnám þarna úti ...

„Já, ég gerði það en Dórothea systir mín var í skólanum allan tímann, nældi sér í vinkonur og þannig. Ég held að Kristján bróðir minn hafi enst eitthvað en honum fannst þetta ekkert mjög gaman. Mér fannst ekkert voðalega gaman að búa þarna, maður er vanari lífinu hérna heima. En ég væri mjög til í að fara þarna út og djamma aðeins, fara í frí. Taka rúnt um Mexíkó og ferðast um með rútnum. En manni leiddist þarna – ég var inni allan daginn af því það var allt of heitt til að vera úti. Svo fór maður í sund og á ströndina um helgar en það var einhvern veginn voða lítið að gera. Ég fór bara í vinnuna með pabba og hjálpaði honum.“

– Heldurðu að það væri jafnvel möguleika hjá þér að læra í Mexíkó?

„Það er alveg fyrir hendi. Kiddý systir fór í háskóla þarna og lærði spænsku. Það væri náttúrulega mjög gaman að ná spænskunni Ég varð aldrei góður í málinu, það tóluðu allir við mann á ensku.“

## Tekur slaginn í kappræðunum

– Nú eru að koma kosningar og í þinni nánustu móðurfjölskyldu hafa verið

tveir alþingismenn. Er kannski málið að fara í framboð?

„Ég veit það ekki. Við vorum búin að ræða það hvernig að við ættum að skella okkur í framboð. En við erum kannski hálfhrædd við að verða annar Funklisti. Við þyrftum þá að gera eitthvað öðruvísi. En ég veit það ekki. Kannski get ég talað við móðurbróður minn [Guðjón A. Kristjánsson] og beðið hann um sæti á lista.

En ég efast um það.“

– Ertu pólitískur? Það gæti verið heilmikil pólitík í genunum.

„Jújú, það gæti vel verið. Allavega þegar er rætt um pólitík hér í skólanum og heima, þá tekur maður þátt í því. Ég er kannski ekki alveg nógu sjóaður í rifrildinu við pabba til dæmis og tapa oftast, en maður reynir alltaf aftur. Eins hérna í skólanum, maður reynir og reynir. En ég er kannski ekki alveg nógu þroskaður í þessu til að fara á lista og taka almennilega þátt í pólitík. Maður tekur á móti fólki og rífst við það en er ekki búinn að móta sér svo sterkar skoðanir á hlutunum. En þetta kemur allt, maður er á móti virkjunum hérna og svo kannski með þeim einhvers staðar annars staðar.“

## Purfum að leysa málin upp á eigin spýtur

– Hver er þín tilfinning fyrir þróun mála á Vestfjörðum? Hvernig heldurðu að staðan verði hérna í framtíðinni?

„Ég hugsa að það verði einn stór bæir hérna, Ísafjörður, og svo minni pláss sem verða alltaf minni og minni þangað til fólksfjöldinn staðnæmist við kannski 100 manns. Þá verður þrjóskaða fólkið eftir. Ef þróunin heldur áfram óbreytt, þá á þetta allt eftir að lognast út af. Ísafjörður heldur sjálfsgætt út eitthvað lengur en kannski Bolungarvík eða Súðavík.

En ef við náum að byggja hérna upp háskóla – sérhæfðan háskóla sem byggir á einhverju sem við höfum ein og sér umfram aðra, þá gætum við kannski fengið fólk hingað til að læra og vinna. Vegna þess að við höfum ekki virkjanir hérna til að bjarga okkur, þá þurfum við að gera þetta allt upp á eigin spýtur, finna eitthvað sem við erum góð í. Við þurfum að skapa okkur sérstöðu af því að íbúum Vestfjarða fer fækkandi og við þurfum að skapa okkur aðstöðu sem fólk sækist í. Hvort sem það er menntun eða starfsumhverfi sem er á einvern hátt einstakt, þannig að fólk komi hingað til að vinna og læra hjá fyrirtækjum í fremstu röð á sínu sviði.

Okkar sérsvið gæti legið innan ferðamenskunar til dæmis eða sjávarútvegsins. Við gætum kennt sitthvað í því. Og hér eru fyrirtæki eins og 3X-Stál, Póls og fleiri sem hafa skapað sér sterka stöðu á ákveðnum sviðum. Við þurfum að geta notað fólkið til að byggja upp svæðið í staðinn fyrir að fólk fari hérna í menntaskóla, fari í framhaldinu suður í háskóla eða út og læri einhverja sérgrein og vinni svo í útlöndum eða í Reykjavík af því að sérgreinina er ekki að finna hér. Við ættum til dæmis að geta gert út á ósnortna náttúruna hérna á Vestfjörðum, alveg endalaust, sérstaklega af því að það er ekki hægt að virkja neitt hérna.“

## Brottfluttur Vestfirðingar fá fiðring á vorin

– Hvernig finnst þér tíðarandinn vera? Menntaskólinn á Ísafirði hefur t.d. aldrei verið stærri en heldurðu að fólkið sem sækir hann sjái sig í framtíðinni á Vestfjörðum?

„Nei, ég held að meirihlutinn hugsi til þess að klára Menntaskólann og fara suður. Það eru ekkert margir sem ætla að kaupa sér hús

hérna og búa. Ég held að flestir sjái fyrir sér að fara suður og læra og kaupa svo íbúð þar í framhaldinu. En fólkið kemur kannski hingað seinna. Vestfirðir gætu haft svipaða stöðu og Flórída, þannig að gamla fólkið komi aftur hingað þegar það er búið að eignast börnin og ala þau upp. Mig persónulega langar til að vinna hérna. Ég veit ekki hvernig það gengur ef maður ætlar að ná sér í almennilega vinnu með almennilegum launum.“

– Er það kannski helst vinnuna og launin sem vantar hérna til að samfélagið verði almennilega samkeppnisfært?

„Já, fólk þælir mest í því – hvar get ég fengið vinnu og góð laun. Fyrst þurfa þau skilyrði að vera uppfyllt til að fólk geti tekið þátt í samfélaginu – keypt sér hús, bíl, jeppa og svo framvegis. Það skiptir aðalmáli.“

– Er þetta ekkert mikið flóknara en það?

„Nei, ekki mikið. Einhverjir hafa fósturjarðarast á Ísafirði og taka lægri laun fyrir vikið. En ég veit ekki hversu margir þeir eru.“

– Nú hittirðu mikið Vestfirðinga sem eru búsettir annars staðar og fara norður með þér á sumrin. Verðurðu var við að fólk finni fyrir einhverri jarðtengingu þegar það kemur hingað?

„Sumt fólk. Ekki endilega bara gamla fólkið. Fólkið sem er komið yfir fertugt og býr í Reykjavík – þegar vorar, þá fer það fiðring og vill komast aftur heim. Ég segi alltaf að afi minn sé best geymdur norður í Aðalvík, ef hann gæti verið þar allt árið. En fólk vill koma hingað aftur, það er eitthvað sem það leitar í – og vill vera sem lengst. Ísafjörður gæti orðið eins og Aðalvík í framtíðinni ef þessi þróun heldur áfram – kannski endar það með því að við flytjum öll til Kaupmannahafnar. En svona er þróunin ég veit ekki hvernig það mun ganga að snúa henni við – hún er svona og búin að vera það síðan 1940.“

## Stuttar af bb.is HSV opnar heimasíðu

Héraðssamband Vestfirðinga (HSV) hefur opnað heimasíðu þar sem ætlunin er koma á framfæri upplýsingum úr starfi sambandsins og kynna viðburði á vegum þess. Karl Jónsson, framkvæmdastjóri HSV, segir síðunni ætlað að vera öflugur vettvangur fyrir aðildarfélögin til að skiptast á upplýsingum og kynna starf hreyfingarinnar út á við. „Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að allar upplýsingar séu fyrirliggjandi á einum stað og við munum óska eftir því að félögin sendi til okkar fréttir og annað sem máli skiptir. Þetta er upplýsingaveita sem vonandi mun gera HSV virkara sem miðstöð íþróttafélaganna á Vestfjörðum“, segir Karl. Slóðin á heimasíðu HSV er [www.hsv.is](http://www.hsv.is).

## Mannakorn á Skíðavíku

SKG veitingar á Ísafirði hafa náð samningum við Mannakorn um að koma og skemmta á Hótel Ísafirði á Skíðavíku Ísafirðinga. Um tvenna tónleika verður að ræða, bæði og skírdag og laugardag fyrir páska. Ásamt tónleikunum verður boðið upp á veglegan matseðil og hið margrómaða ostahlaðborð sem í boði hefur verið fyrir gesti á Hótel Ísafirði í áráraðir. SKG veitingar hvetja fólk til að panta borð í tíma. Borðapantanir eru eingöngu fyrir matargesti þó svo að aðrir séu velkomnir á tónleikana.

## Aðalfundur Sigurveonar

Aðalfundur Krabba-meinsfélagsins Sigurveonar á norðanverðum Vestfjörðum verður haldinn á Hótel Ísafirði í kvöld, miðvikudag, og hefst kl. 20. Á fundinum verða venjuleg aðalfundarstörf og meðal annars verður kosin ný stjórn. Bjarni Jónasson, heimilislæknir og varaforseti Norrænu samtakanna um lækna-skop, mun mæta á fundinn og krydda hann á léttari nótunum.



– þessi eini sanni!





# SÆLKERARVÍKUNNAR

ERU RAGNHEIÐUR HALLDÓRS-  
DÓTTIR OG MAGNÚS HAUSSON

## Smjörsteikt kola- flök / steinbítsflök með cayenne-pípar

Þessi réttur er fljótlegur hversdagsmatur en jafnframt óskaplega góður. Rétt er að taka fram að hann er dálítið sterkur vegna cayenne-píparsins. Við höfum orðið þess vör að krökkum líkar þetta mjög vel. Í rauninni má nota hvaða flatfisk eða hvaða feitan fisk sem er, en ekki þorsk eða ýsu. Ef notaður er steinbítur mega stykkinn ekki vera mjög þykk. Hver og einn verður að finna út sjálfur hversu mikið krydd hann notar. Nauðsynlegt að hafa talsvert aromat því að ekkert salt er notað að öðru leyti. Flökin eiga að vera eins fersk og hægt er, helst þannig að þau verpið á pönnunni! Ef steikt er ein panna dugar það fyrir þrjá til fjóra.

hveiti  
krydd  
olía  
smjör  
hálf sítróna  
fersk steinselja

Blandið hæfilegu magni af kryddi út í tvær til þrjár matskeiðar af hveiti, svo sem aromat, sítrónupípar, Season All og t.d. fiskikryddi (Knorr). Hitið olíu (vel) á stórri pönnu. Veltið flökunum upp úr hveitiblöndunni og steikið með sárið niður í eina til tvær mínútur. Snúið við og stráðið cayenne-pípar og ef til vill fiskikryddi yfir. Bætið út í vænni klípu af smjöri (2-3 matskeiðar). Kreistið hálfa sítrónu yfir og stráðið síðan slatta af saxaðri steinselju yfir. Takið pönnuna af og látið hana standa í tvær til þrjár mínútur, gjarnan með



loki á. Berist fram með soðnum kartöflum eða hrísgrjónum og salati.

Það tekur aðeins um tíu mínútur að matreiða þennan rétt. Lengstan tíma tekur að sjóða kartöflurnar til að hafa með.

Við skorum á hjónin Katrínu Gísladóttur og Halldór Hermannsson í Mjógötunni á Ísafirði að leggja til næsta rétt. Við vitum að þar verður um bæði barnvænna og þrautreynda mat að ræða.

### Bútasaurur virðist í tísku á norðanverðum Vestfjörðum

## „Þjötturnar“ kynna viðfangs- efni vetrarins á Hótel Ísafirði

Bútasauruskilúbburinn Þjötturnar hefur starfað í sjö ár á norðanverðum Vestfjörðum. Björg Kristjánsdóttir í Bolungarvík, sem er einn af forsprökkum hópsins, segir bútasaurinn vera í tísku um þessar mundir. „Áhugi á bútasauri er mikill hérna fyrir vestan. Við erum um það bil 80 í klúbbnum í dag og fjólgar stöðugt. Það eru alltaf haldin námskeið annað slagið þar sem fólk getur tileinkað sér þennan skemmtilega saumaskap“, segir Björg.

Þjötturnar hafa komið saman einu sinni í mánuði í allan vetur, ýmist á Ísafirði eða í Bolungarvík. Björg segir hefð fyrir því að hittast á Suðureyri í apríl og dagskrá vetrarins endi á bútasaurmshelgi á sum-arhótelinu að Núpi í Dýrafirði. „Við förum með saumavélar-nar með okkur og gistum yfir nótt og látum dúlla við okkur“, segir hún.

Á sunnudag milli kl. 13 og 17 ætla Þjötturnar að halda sýningu á afrakstri vetrarins á Hótel Ísafirði. „Þetta verður



Þjötturnar færðu Fjörðungssjúkrahúsinu veglegt bútasaurmsteppi að gjöf fyrir nokkrum árum.

eins konar vinnusýning. Við verðum með saumaverkefnið með okkur og fólk getur komið og fylgst með handbragðinu“, sagði Björg. Kaffihlað-

borð verður á hotelinu þannig að hægt verður að kynna sér handverkið yfir kaffi og köku-sneið.

### Bókmenntadagskráin Vestanvindar í Edinborg

## Kynning á verkum vestfirskra rithöfunda

Bókmenntadagskráin Vestanvindar, sem hefur öðlast fastan sess á Ísafirði ár hvert, verður haldin í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á laugardag, 22 mars, og hefst kl. 16. Að

þessu sinni eru það vestfirsku rithöfundarnir Eyvindur P. Eiríksson, Rúnar Helgi Vignisson og Vilborg Davíðsdóttir sem kynna verk sín.

Einnig munu félagar úr

Leikfélagi Flateyrar lesa úr verkum Guðmundar Inga Kristjánssonar skálds á Kirkjubóli í Bjarnardal, sem lést á síðasta ári. Miðaverð á Vestanvinda er kr. 500.



Eyvindur Eiríksson.



Vilborg Davíðsdóttir.



Rúnar Helgi Vignisson.

## KONA VÍKUNNAR

### Ætlaði að vera ljósmóðir



Nafn: Katrín Skúladóttir.

Fædd/-ur, hvar og hvenær: Í Reykjavík, 7. apríl 1961. Atvinna: Deildarstjóri SPVF á Ísafirði.

Fjölskylda: Sambýlingur minn er Valdimar Halldórsson, verkstjóri hjá Samskip og eigum við tvær stelpur, Sóleyju og Eygló.

Helstu áhugamál: Lestur bóka, ferðalög og útvera. Bifreið: Subaru Legacy.

Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Subaru Legacy. Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Ljósmóðir.

Uppáhalds matur? Fjallalambið ber nú alltaf af, saltfiskurinn hennar Gerðar og laugardagspizzan.

Versti matur sem þú hefur smakkað? Sætsúpa með sveskjum, rúsinum og sagógrjónum að ógleymdri siginni grásleppu.

Uppáhalds drykkur? Vatn, kaffi og rauðvín.

Uppáhalds tónlist? Hlusta á alla tónlist.

Uppáhalds íþróttamaður eða félag? Afturelding í Mosfellssveitinni var mitt félag en í dag er ekkert sem stendur upp úr nema ef vera skyldi SFL, Skíðafélag Ísfirðinga. Það á alltaf einhverjar taugar í mér.

Uppáhalds sjónvarpsefni? Fréttir og fréttatengt efni.

Uppáhalds vefsíðan? bb.is og mbl.is

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Eina myndin sem ég hef farið á oftast en einu sinni er Rocky Horror, hún var góð á sínum tíma.

Fallegasti staður hérlendis? Þingvellir í haustlitunum og Húsadalur í Mjóafirði.

Fallegasti staður erlendis? Koh Samui í Thailandi og Rínardalurinn.

Ertu hjátrúarfull(ur)? Já, það held ég bara, eins og flestir Íslendingar.

Uppáhalds heimilistækið? Uppþvottavél.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Spila með góðum vínunum og samverustundir með með fjölskyldunni.

Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Taugarnar mínar eru alveg í góðu lagi og fátt sem pirrar þær.

Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Fer í freyðibað með góða bók og rauðvínsglas.

Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Já...

Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Man ekki eftir neinu sérstaklega neyðarlegu.

Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Það sem mætti betur fara verður ekki lagfært á einum degi.

Lífsmottó? „Grasið er ekki grænna hinum megin“.



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu

Önnu S. Bjarnadóttur  
Hlíf I, Ísafirði

Óskar Kárasson

Sævar Gestsson

Ásdís M. Hansdóttir

Erla Þorbjörnsdóttir

Ragna Arnaldsdóttir

og barnabörn

# Kúvending í tillögum stofnunarinnar

– segir Guðmundur Halldórsson, formaður smábátafélagsins Eldingar á norðanverðum Vestfjörðum

Fyrir skömmu lagði Hafrannsóknastofnun til við sjávarútvegsráðuneytið, að veiðibann vegna friðunar hrygningarþorsks yrði lengt um helming á einstökum svæðum eða úr 20 dögum í 40 daga. Sjávarútvegsráðherra ákvað að fara ekki að tillögum stofnunarinnar. Guðmundur Halldórsson í Bolungarvík, formaður Smábátafélagsins Eldingar á norðanverðum Vestfjörðum, segir hér um kúvendingu í kenningum Hafró að ræða.

„Peir hafa aldrei borið fram tillögur um svo rótækar aðgerðir í verndun á stórum fiski. Okkur finnst þessar tillögur skynsamlegar en þær eru að koma mörgum árum eftir að skynsamlegt gæti talist að friða þennan stóra fisk. En við skiljum vel að ráðherra hafi ekki getað farið eftir þeim með svo skömmum fyrirvara. Allur vertíðarflotinn er búinn að útbúa sig á veiðarnar“, segir Guðmundur Halldórsson.

Guðmundur segir sjómenn á Vestfjörðum hafa bent á það í tuttugu ár að of fast sé sótt í stóra fiskinn. „Á það hefur ekki verið hlustað. Við erum



hlynntir friðuninni en gagnrýnum að það hafi ekki verið farið í þetta fyrr. Þá hefðu aðgerðirnar ekki þurft að vera eins umfangsmiklar og alvarlegar. Þetta gerist eftir tuttugu

ára kvótakerfi og smáfiskafriðun. Við spyrjum hvaða nýju uppgötvun Hafró hafi gert sem orsakar svona rótækar tillögur“, segir hann. Undanfarin ár hafa seiðaár-

gangar þótt sterkir en Guðmundur hefur áhyggjur af því að þeir skili sér ekki í auknum afrakstri fiskistofnanna. „Seiðaárgangarnir eru að tynast hver að öðrum, hvað

sem að því veldur. Við þurfum að komast til botns í því af hverju fiskveiðistjórnunarkerfið er ekki að ná árangri. Deilurnar um kvótakerfið nærast og byggjast á því að

fiskistofnar eru alltaf að minnka. Ef við hefðum eðlilegan afrakstur af miðunum eins og Færeyingar, þá væri meiri sátt um hlutina“, sagði Guðmundur Halldórsson.

# Fíkn er fjötur

## Stórtónleikar

### í Ísafjarðarkirkju

fimmtud. 20. mars kl. 20:30

Karлакórinn Ernir

Kristín S. Snædal  
einsöngvari

Sunnukórinn

Gospelkór Vestfjarða

Tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Ísafjarðar

Söngstjórn: Steingrímur Þorgeirsson

Rýrnir: Hlynur Snorrason  
lögreglufulltrúi

Allur ágóði af tónleikunum rennur í sérstakan forvarnarsjóð UNFI þar sem áhersla verður lögð á að fræða foreldra um fyrstu einkenni og rétt viðbrögð við fíkniefnaneyslu unglinga.

FÍKN ER FJÖUR



KAMMERKÖR REYKJAVÍKUR

flugfelag.is





MIDVIKUDAGUR 19. MARS 2003 7





# Of fáar stundir til að staldra við og gaumgæfa tilveruna

– segir Ágúst Gíslason, húsasmíðameistari og verktaki í Ísafirði

Ágúst Gíslason húsasmíðameistari á Ísafirði og verktakafyrirtæki hans og Flosa Kristjánssonar, Ágúst og Flosi ehf., hafa verið talsvert áberandi á Ísafirði hin síðari árin. Stærsta verkefni fyrirtækisins fram til þessa er bygging verslunarhússins Neista í miðbæ Ísafjarðar, en það var tekið í notkun á síðasta ári. Þeir félagarnir Ágúst og Flosi hafa gengið saman gegnum súrt og sætt allt frá því að þeir stofnuðu saman loðdýrabú á Kirkjubóli í Skutulsfirði fyrir um átján árum. Þá var góðæri í þeirri grein hérlandis en það stóð ekki lengi og aðstæðurnar kipptu fótunum undan rekstrinum. Langt er nú liðið frá því að loðdýrin hurfu úr Skutulsfirði. Enn er Ágúst Gíslason iðulega nefndur Gústi í Botni, enda þótt um tuttugu ár séu liðin frá því að hann brá búi í Botni í Mjóafirði eftir tíu ára búskap og fluttist til Ísafjarðar ásamt fjölskyldu sinni. Ágúst er hvorki bóndasonur úr Djúpi né Vestfirðingur yfirleitt heldur húsasmíðameistari að sunnan, Rangvellingur með viðkomu í Hafnarfirði. Hann kom fyrst vestur að Djúpi um 25 ára aldur sem yfirmsiður á vegum Inn-djúpsáætlunar. Ágúst hefur alltaf verið félagslyndur maður og tekið mikinn þátt í félagslífi. Búsetu í áratug í hinni strjálu byggð í Djúpinu breytti þar litlu. Hann er nú í forsæti í Frímúrarareglunni Njálu á Ísafirði. Þegar hann bjó í Botni munu fáir hafa sótt fundi reglunnar betur en hann, þótt hver fundur kostaði hann um þrjú hundruð kílómetra akstur um misjafna vegi Ísafjarðardjúps við ærið misjöfn skilyrði á vetrum. Meira um regluna hér síðar í þessu viðtali.

Fyrir bráðum sex árum eða á miðju sumri árið 1997 birtist hér í blaðinu mjög ítarlegt viðtal við Ágúst Gíslason. Mikið vatn er runnið til sjávar síðan, eins og komist er að orði, og má segja að tímabært hafi verið að hitta þennan umsvifamann að máli öðru sinni, líta yfir farinn veg á seinni árum, skoða stöðuna í dag og horfa til framtíðar.

## Ekki varð úr byggingum á Wardstúni

–Fyrst skal spurt: Hafa árin

í lífi hans og starfi og rekstri fyrirtækisins síðan áðurnefnt viðtal var tekið verið eitthvað í átt við það sem hann hefði búið við?

„Pau hafa að flestu leyti verið eins og ég hafði búið við. En af því að þú vitnar í fyrirtækið Ágúst og Flosa, þá var toppnum þar náð með því að byggja verslunarmiðstöðina Neista í miðbæ Ísafjarðar. Stórframkvæmd af því tagi er nokkuð sem við sáum ekki fyrir á þeim árum. Um þær mundir sem þú tókst viðtalið við mig sumarið 1997 vorum

við Flosi mjög með hugann við að koma upp íbúðabyggð á Wardstúni á Eyrinni á Ísafirði. Það náði þó ekki fram að ganga, því miður.

Trúlega vorum við aðeins of seinir á ferðinni. Það sama sumar var starfsmönnum Íshúsfélags Ísfirðinga sagt upp. Við höfðum verið komnir með kaupendur að eitthvað um fimm íbúðum en aðeins einn stóð eftir. Bæjarlífið um þær mundir var eins og loftið hefði lekið úr blöðru. Vindurinn fór úr Ísfirðingum við þetta um tíma. En svo jafnaði bæjarlífið sig smátt og smátt þó að atvinnulífið hafi raunar ekki jafnað sig enn.

En við verðum að lifa við þetta. Áformin um byggingar á Wardstúni fóru út um þúfur. Í bili að minnsta kosti. Hönnunin er öll til en það vantar kaupendur. Það voru tvö hús sem voru teiknuð á lóðina, annað með sex íbúðum og hitt með tólf íbúðum.“

## Samkaup réðu úrslitum um byggingu Neista

„En í framhaldinu skapaðist lag. Samkaup voru hér í þreyttu húsnæði og of litlu en fyrst og fremst vantaði þar öll bílastæði. En rekstur Samkaupa hér á Ísafirði hefur gengið mjög vel.

Talandi um Samkaup, þá eru það tvímælalaust mestu kjarabætur sem fólkið á norðanverðum Vestfirðum hefur fengið á síðari árum þegar fyrst koma hér Samkaup með verslun og svo Bónus. Og síðan auðvitað Húsasmiðjan. Þetta eru kjarabætur sem eru alveg ómetanlegar fyrir íbúana.

Forráðamenn Samkaupa voru lengi búnir að velta því

fyrir sér hvernig þeir ættu að leysa húsnæðismálin hér. Þeir áttu um tvo kosti að velja. Annars vegar að byggja ódýra iðnaðarskemmu niðri á hafnararsvæðinu og flytja sig þangað eða vera með í þessari stórbýggingu í miðbæ Ísafjarðar. Og niðurstaðan varð þessi og það var auðvitað lykillinn að því að Neisti var byggður. Landsbankinn átti í skúffu gamalt skuldabréf frá Kaupfélagi Ísfirðinga með veði í þessari lóð sem gerði ekki annað en safna dráttarvöxtum og bráðvantaði að selja hana.

Þetta leiddi til þess að ég fékk fund með forsvarsmönnum bankans og Samkaupa, þar sem við handsöluðum samkomulag um að ég myndi draga vagninn og láta vinna þá naumustu hönnunarvinnu sem hægt væri til þess að hægt yrði að koma verðmiða á húsið. Samkaup gáfu okkur svo tóninn um það hvað verslunin gæti í hesta lagi borgað fyrir fermetrann. Hönnun hússins og einfaldleiki þess réðust svo af því að takmörk voru fyrir því hvað það mátti kosta. Enda má segja að lykillinn að því að hægt sé að byggja og selja nýframkvæmd úti á landi í dag sé að vera ódýrari en á höfuðborgarsvæðinu. Maður selur ekki nýframkvæmd hér vestur á fjörðum á sama verði og syðra. Þetta er ósköpeinfalt mál.

Þessi framkvæmd var ákaflega heillandi og jafnframt mjög krefjandi. Þetta snerist alls ekki bara um að byggja húsið. Þarna varð maður að gera allt í senn, halda utan um hönnunina og halda kostnaðinum niðri, finna bæði kaupendur og leigjendur og ganga frá öllum þeim samningum og síðan að stofna húsfélagið. Ég sit þar nú enn í hússtjórn. Þetta er ungi sem maður er

ekki laus við ennpá. En ég held nú þegar ég lít til baka, að bygging Neista sé toppurinn á starfseminni hjá fyrirtækinu Ágústi og Flosa.“

## Vel að málum staðið í Kaupfélagshúsinu

Ágúst segir að óverulegum hluta af húsnæðinu í Neista sé enn óráðstafað. „Það er 160 fermetra verslunarpláss á jarðhæð og tvö lítill rými á annarri og þriðju hæð. Það eru viðræður í gangi með plássíð á jarðhæðinni. Ástæðan fyrir því að við erum enn með laust pláss er sú að við höfum þráast við og ætlum okkur að selja það en ekki leigja það út.

Verslunarplássíð í Kaupfélagshúsinu er allt blessunarlega komið í rekstur og mjög myndarlega að því staðið af kaupmannanna hálfu, sýnist manni. Við Flosi eignum það pláss allt og leigjum það út. Til þess að geta átt þessi samskipti við Samkaup urðum við að taka þetta húsnæði upp í. Landsbankinn hins vegar fjármagnaði Neista og þangað áttum við að koma inn með peninga en ekki gömul hús. Niðurstaðan varð þess vegna sú, að við Flosi persónulega keyptum húsnæðið í kaupfélagshúsinu af Samkaupum og blönduðum því ekki inn í viðskipti byggingafyrirtækisins.

Það er ákaflega gaman að sjá hvernig Kaupfélagshúsið breytti um svip þegar tekið var frá gluggunum þannig að það sést inn í búðirnar. Enn meira gaman finnst mér að sjá hvað kaupmennirnir hafa komið sér myndarlega fyrir. Þetta er glæsilegt hjá þeim.“

## 300 km akstur vegna hvers fundar

– Víkjum í bili að allt öðru. Þú bjóst í áratug í Botni í Mjóafirði ásamt fjölskyldu þinni. Sagt var á þeim tíma, með réttu eða röngu, að enginn maður í frímúrarastúkunnari á Ísafirði væri með betri fundasókn en þú. Er það rétt?

„Það er væntanlega eitthvað orðum aukið. En einn veturinn vantaði mig reyndar einungis á tvo fundi. Þetta þótti nokkuð sérstakt því að ég ók um hundrað og fimmtíu kílómetra veg til að komast á fund eða samtals þrjú hundruð kílómetra fram og til baka. Til gamans má geta þess, að þegar skipstjóri nokkur var að spyrtast fyrir um stúkustarfið og sýndi áhuga á því að koma inn, þá spurði viðmælendinn um ástæður þess að hann hefði áhuga. Svárið var, að það hlyti að vera eftir einhverju að slægjast úr því að Gústi í Botni keyrði þrjú hundruð kílómetra hverju sinni til að komast á fund.

Það er rétt að ég varð snemma mjög heillaður af starfi frímúrarareglunnar og reyndi að mæta vel og sinna því starfi vel. Það er engin launung, að eftir tíu ára veru í Botni í Mjóafirði var ljóst að við yrðum að flytja þaðan vegna skólagöngu barna okkar. Það var tvennt sem réð því að við ákváðum þá að flytja til Ísafjarðar en ekki eitthvert annað. Annars vegar að konan var búin að vera hér tvo vetur með börnin í skóla og leist ágætlega á skólastarfið hér. Hún skynjaði það fljótt hvað það var þægilegt að búa á Eyrinni. Þar var skólinn, þar var vinnan, þar var hreinlega öll þjónusta innan seilingar. Ég átti að vísu allar mínar rætur syðra og hóf sjálfstæða atvinnustarfssemi í Hafnarfirði. Þar átti ég mín sambönd og kunninga og lærði þar hús-



smíði.

En það sem réð því að ég vildi fara á Ísafjörð var vera mín í frímúrarástúkunni Njálu og vinátta bræðranna þar. Þetta tvennt olli því að við ákváðum að setjast að á Ísafirði. Og ég sé vissulega ekki eftir því. Starfið í frímúrara-reglunni hefur verið mér afar mikils virði og er enn. Þetta var vel ráðið að flytjast til Ísafjarðar.“

### Miklu ódýrara að búa úti á landi

– Nú er bygging Neista að baki hjá verktakafyrirtækinu Ágústi og Flosa ehf. og væntanlega engin viðlíka stórverkefni fyrirsjáanleg. Hvernig sérðu fyrir þér næstu árin í þessum rekstri? Einhverjar vísbendingar eru um að nú sé tekið að hægja mjög á brottflutningi fólks af landsbyggðinni suður á Reykjavíkursvæðið. Ef til vill er byggðaröskunin smátt og smátt að stöðvast og jafnvægi að komast á.

„Já, þessi tunna sem Reykjavíkursvæðið er virðist vera að mestast í bili. Það er sárt að horfa á eftir því unga fólki og reyndar öllu fólki sem þangað hefur flutt. En það hefur hægt á þessu, sem betur fer, og kemur ýmislegt til.

Fyrst má kannski nefna að hér er miklu ódýrara að búa. Hvernig sem við reiknum það, þá er einfaldlega miklu ódýrara að búa úti á landi en í Reykjavík. En það er ýmislegt fleira sem kemur til og ég ætla ekki að fara að telja upp núna.

Segja má, að fyrsta alvöru byggðastefnan sem við höfum séð síðan fyrir um þremur áratugum þegar skuttogaravæðingin átti sér stað, er sú ákvörðun að virkja og koma upp stóriðju á Austfjörðum. Maður gleðst með Austfirðingum um þessar mundir. Mér finnst að þeir ættu að hafa fána við hún hreinlega allt árið 2003. Slík er gleðin yfir því að nú skuli loksins komin alvöru byggðastefna í framkvæmd. Þessar framkvæmdir varða að vísu aðeins tiltekið landsvæði en það er enginn vafi að Eyfirðingar og aðrir eiga líka eftir að kalla eftir sínu.“

### Vestfirðingar verða að endurheimta fiskveiðiréttindin

„Og þessi þróun á eftir að halda áfram. Það verður ekki endalaust byggt bara við Faxaflóa. Við hér á Vestfjörðum erum að vísu svo lánlítill, ef svo má komast að orði, að búa mjög afskekkt við orkugeirann. Maður sér ekki að við fáum neina stóriðju í náninni framtíð. Eðlilegt er að hér sé því meira horft til þess sem snýr að vistvænum þáttum.

En ég trúi því að hingað eigi eftir að flytjast meira af ýmiskonar opinberri starfsemi, ásamt með því að við hljótum í fyllingu tímans að

heyja aftur í okkar hlöður þau fiskveiðiréttindi sem við höfum glatað með einum eða öðrum hætti. Við eigum eftir að endurheimta þau að einhverju leyti. Farsældin hér liggur í því að sækja hin gjöfulu fiskimið sem eru hér rétt fyrir utan. Ég trúi því að okkur Vestfirðingum eigi eftir að vaxa ásmegin á því sviði á ný.

Varðandi nánustu framtíð, þá er hér ákaflega lítið framundan í byggingariðnaði. Það er reyndar ekkert einsdæmi hér, heldur er það þannig víða um land. Þess vegna var mjög kærkomið að fá þessa sendingu frá ríkisstjórninni sem er milljarðurinn í vegaframkvæmdir og fjárveitingar í aðrar opinberar framkvæmdir. Sveitarfélögin munu koma þar á eftir.

En eins og nú standa sakir er nánast ekkert framundan í byggingariðnaði hér á svæðinu. Helst er verið að ræða um að kannski verði byggt lítið íþróttahús á Suðureyri. Nokkrir bændur bæjum eru nú að vinna að því hörðum höndum að geta byggt sér ný fjós á þessu ári og því næsta. Viðunandi fjármögnunarleið til þess hefur reyndar ekki fundist enn og maður veit ekki hvað verður. Hitt er ljóst, að ef mjólkurframleiðsla og úrvinnsla hennar leggst hér af, þá bíður samfélag okkar skell og verður verulega fátákara á eftir.“

### Verð á íbúðarhúsnæði í sögulegu lágmarki

– Nú hefur Ísafjarðarbær tekið upp á þeirri nýlundu að auglýsa lausar íbúðarhúsalóðir í grónum hverfum á Ísafirði, bæði á Eyrinni og uppi á Hjallavegi. Auk þess eru lausar lóðir inni í Firði. Hefurðu trú á því að menn fari í einhverjum mæli að byggja sér ný íbúðarhús á Ísafirði alveg á næstunni?

„Ég býst ekki við að það verði umtalsvert en það ekki ólíklegt að það verði einhverjar nýbyggingar. Það er jafnan svo í hverju samfélagi, að sumir eiga meiri peninga en aðrir og fólk þarf ýmist að minnka við sig eða stækka. Þá getur í ýmsum tilvikum verið eins hagkvæmt eða hagkvæmara að byggja nýtt en að breyta hinu gamla. Lóðaauglýsingin sem þú nefndir er mjög jákvæð og kærkomin. Hún mun opna augu einhverra sem þurfa á húsnæði að halda fyrir þeim möguleika að byggja nýtt.

En almennt séð verður ekki mikið um íbúðabyggingar hér í náninni framtíð, vegna þess að verð á íbúðarhúsnæði hér er í sögulegu lágmarki um þessar mundir. Það verður eitthvað að koma til sem getur tryggt hér næga atvinnu til framtíðar til þess að menn fari út í nýbyggingar í einhverjum mæli. Atvinnan og atvinnuöryggið eru undirstaðan.“

### Bestu ár ævinnar

– Lítum aftur í tímann og inn í Djúp. Fyrirsögnin á við-

talínu fyrir bráðum sex árum var „Byggingameistari að starfi en bóndi í hjarta“. Saknarðu lífsins í Botni?

„Þeim tilvikum fer nú fækkandi. Auðvitað kom það oft fyrir framan af. En ég fylgist mjög vel með efnahagslífinu almennt í þjóðfélaginu. Í okkar fyrra viðtali lýsti ég skilmerkilega vonbrigðum mínum með efnahagsstjórna á þeim tíma og langar götur þar áður. Og það fer ekki framhjá neinum sem að gáir, að það er enginn öfundsverður af því að vera sauðfjárbóndi í dag. Að því leyti sakna ég ekki búskaparins. En að öðru leyti voru þetta bestu ár ævinnar. Það gildir reyndar hvar svo sem maður hefði verið. Þetta var tíminn þegar börnin voru að fæðast og komast á legg.“

– En lífið sjálft á afskekktum sveitabæ ef fjárhagsleg afkoma er ekki tekin með í reikninginn? Tengslin við náttúruna og umgengnin við búfénaðinn, langt frá ys og þys þéttbýlisins. Nú ert þú framkvæmdastjóri hjá umsvifamiklu fyrirtæki á vestfirskan mælikvarða og stendur dag hvern í alls konar reddingum. Þetta hlýtur að vera eins ólíkt og hvítt og svart. Saknarðu þess ekki að gefa á garðann og finna ilminn úr heyinu og þefinn af fénu? Varstu ekki tengdur sauðfénu tilfinningaböndum?

### Saknar kyrrðarinnar og friðarins

„Jú, sterkum tilfinningaböndum. Þegar ég bjó inni í Djúpi var ég stundum að furða mig á mönnum sem voru að tala um að hætta, hvað þeir virtust eiga erfitt með að hætta búskapnum. Af hverju drifu þeir ekki í því? En mér sem einungis bjó þarna í tíu ár fór þó að skiljast hvað hamlaði þeim. Þegar ég hætti eftir einungis tíu ár áttaði ég mig á því hvað það var erfitt tilfinningalega. Hvað þá ef ég hefði verið fæddur og uppalinn á þúfunni. Þetta var mjög

erfitt. Maður verður bundinn bæði jörðinni og ekki síður búsmalanum.

Auðvitað sakna ég þessara ára. Að fódra nokkur hundruð skepnur er almennt ekkert nema ánægjan. Það skín gleði út úr ásjónu hverrar skepnu þegar hún fær fóðrið. Ef atlatið er gott, þá líður skepnunum vel. Það er ólíkt að þjóna búpeningi og mann-skepnunni! Hér á Ísafirði fær maður gusuna framan í sig ef hlutirnir ganga ekki alveg eins og þeir eiga að gera. Blessaðar skepnurnar eru umburðarlyndari og þolinmóðari.

Fyrst og fremst sakna ég þó kyrrðarinnar og þeirra stunda sem maður gat átt með sjálfum sér í búskapnum. Það var fátt sem truflaði. Helst einhver félagsmál. Hér í bæjarfélaginu er miklu meiri hraði, ég tala ekki um þegar menn eru í þjónustustarfi eins og ég. Það

er mjög krefjandi að reka stórt fyrirtæki.

Í dag sakna ég þess helst hvað maður á fáar stundir til að staldra við, gaumgæfa lífið og tilveruna og vera með sjálfum sér. Þær eru allt of fáar, því miður. Þetta daglega amstur við rekstur byggingafyrirtækis er auðvitað gefandi líka þegar vel tekst til. Því fylgja oft blóm og góðar þakkir.“

### Barnabörnin kippa í

Núna eru börnin þeirra Ágústs og Sólveigar Thorar-ensen konu hans löngu vaxin úr grasi og bæði flogin suður. „Helga dóttir okkar er hjúkrunarfræðingur og á eiginmann og einn son. Hún hefur lengst af starfað sem hjúkrunarfræðingur hjá Ríkisspítölunum en er núna orðin sölumaður hjá Pharmaco. Þar hefur hún því hlutverki að gegna að fara til útlanda og kynna sér nýja lyfjaframleiðslu

og fara síðan í heilbrigðisstofnanir og kynna og selja ný lyf.

Gísli Már sonur okkar er húsamiður. Hann lærði hér hjá okkur og bjó lengst af í Hnífssdal en er nú fluttur suður í Garð og vinnur hjá Keflavík-urverktökum. Hann og hans kona eiga tvö börn.

En svo er hitt, að það hefst nýtt tímabil í lífinu þegar barnabörnin koma til sögunnar og alast upp. Ég tala af fullri hreinskilni þegar ég segi að barnabörnin kippi meira í mann en nokkurn tímann sjálf börnin manns. Barnabörnin kalla á að við heimsækjum þau suður. Auðvitað kallar þetta allt á mann. Því er ekki að neita að því fylgir tómeiki þegar börnin flytja burt. Einkanlega þegar sonur okkar fór, því að þá var hann búinn að ala sín börn hér upp að nokkru leyti. Þetta kippir svolítið í en fólk þarf auðvitað að hafa þroska til að lifa við þetta. Og ég á auðvitað því láni að fagna að eiga góða eiginkonu að búa með.“

### Breytingar á ásýnd Ísafjarðar

Ágúst segir mikla breytingu hafa orðið á ásýnd bæjarins á þeim árum sem liðin eru frá títtnefndu viðtali fyrir bráðum sex árum. „Ég er afskaplega ánægður með að hafa upplifað þá breytingu sem hefur orðið á ásýnd bæjarins hér á Ísafirði, einkum á Eyrinni. Þetta skynjar gestsaugað þó auðvitað best en við sem hér erum njótum þess mest. Fólk gefur þessu misjafnlega mikinn gaum en þetta er mér ákaflega mikils virði.

Það ber að þakka bæjar-yfirvöldum á undanförnum árum fyrir þeirra framlag í þessu efni. Atvinnuástandið hefur verið ótrúlega gott í







byggingariðnaði þrátt fyrir þá lægð sem veiðar og vinnsla hafa þurft að þola. Og það er reyndar meira en lægð, þetta hefur verið niðurlægning. Smiðjurnar, rafvirkjarnir og málmíðnaðarmennirnir hafa orðið mjög hart úti af þessum sökum. Við höfum hins vegar sloppið ótrúlega vel þangað til í haust og vetur.

En þá höfum við tekið okkur til og búið okkur til verk efni, keypt húsnæði og breytt og gert upp. Það hefur verið aðalvinnan okkar síðasta misserið. En nú þegar harðnar á dalnum þarf bæjarfélagið endilega að koma inn með einhver verkefni sem skapa byggingariðnaði störf. Ekki vegna þess að ég er í byggingariðnaði, heldur vegna margfeldisáhrifanna út í samfélagið.“

### Margfeldisáhrif byggingariðnaðar

„Margfeldisáhrif starfa eru mjög misjöfn. Það er vel þekkt í hagfræðinni. Mest eru þau vegna fiskimannsins sem kemur með fisk til vinnslu í landi. Næstmestu margfeldisáhrifin eru hins vegar vegna nýframkvæmda í byggingariðnaði. Þegar byggt er nýtt hús, ég tala nú ekki um fyrir atvinnustarfsemi, þá er það í fullkominni líkingu við það þegar steini er kastað í kyrrt vatn. Gusan rís í miðjunni og síðan berst hringurinn út og dofna smátt og smátt.

Lítum á Neista. Þegar Samkaup fluttu yfir götuna í nýja húsið, þá stóð eftir stórt húsnæði, ákafliga gamalt og þreytt og þarfnáðist mikillar aðhlynnningar. Svo flytjast kaupmenn í það húsnæði og einhvers staðar skilja þeir líka sökum. Við höfum hins vegar sloppið ótrúlega vel þangað til í haust og vetur.

En þá höfum við tekið okkur til og búið okkur til verk efni, keypt húsnæði og breytt og gert upp. Það hefur verið aðalvinnan okkar síðasta misserið. En nú þegar harðnar á dalnum þarf bæjarfélagið endilega að koma inn með einhver verkefni sem skapa byggingariðnaði störf. Ekki vegna þess að ég er í byggingariðnaði, heldur vegna margfeldisáhrifanna út í samfélagið.“

En Ágúst Gíslason, sem hefur gengið gegnum síurt og sætt í atvinnurekstri, eins og áður var getið, er bjartsýnn eins og hann hefur alltaf verið. Lífið á sínar björtu hliðar í bland við hinar dekkri og hefur alltaf átt. Menn verða einfaldlega að taka því sem að höndum ber og gera það besta úr hlutunum.

– Hlynur Þór.



## Fasteignir til sölu

Eftirtalдар fasteignir í eigu Ísafjarðarbæjar eru til sölu á fasteignasölu minni:

**Aðalgata 16, neðri hæð, Suðureyri, sem er 133m<sup>2</sup> uppgert skrifstofuhúsnæði sem breyta má í íbúð ef henta þykir. Húsið er steinsteypt tvíbýlishús, byggð árið 1956.**

Uppsett verð er kr. 3.000.000.-

**Túngata 4, Flateyri, 160m<sup>2</sup> einbýlishús á góðum stað í bænum, byggt árið 1934 úr steinsteypu. Húsið er ekki íbúðarhæft og þarfnast verulegra viðgerða.**

Uppsett verð er kr. 700.000.-

Allar nánari upplýsingar eru veittar hjá Tryggva Guðmundssyni ehf., Hafnarstræti 1, Ísafirði, sími 456 3244.

# Húsdýr – gæludýr

Er bærinn okkar sveit, þorp eða kaupstaður? Eða er hann þetta allt? Ég man þegar Holtahverfið var bara sveit, kýr gengu baulandi til beitar, kindur runnu um hliðar, hestarnir mynduðu stöð, hundar spangóluðu á hlaði, hænur rót-uðu upp mold undir húsbóndavaldi hanans og kettir læddust með veggjum. Öll þessi dýr höfðu hlutverk, þau voru húsdýr, gerðu gagn. Orðið „gæludýr“ var óþekkt í þessu sveitumhverfi.

Ákveðnar reglur voru í gildi um þessi húsdýr, sumar mjög fornar og einstaka reglur eru lögfestar. Kindur hafa t.d. frjálst beitarland, en eigandinn verður að eiga land til beitar í sveitinni sem hann býr. Við verðum þá að girða okkur af, ef við viljum verja okkar land.

Hestar og kýr hafa afmarkað beitarland, sem eigandinn hefur aðgang að. Lausaganga er ekki endilega bönnuð. Kindur, kýr og hestar virðast lúta reglum um húsdýr, þó að þetta séu orðin gæludýr í okkar bæ.

Ég veit ekki hvort lausaganga hæsna er bönnuð, en dæmi eru um hænur sem gæludýr. Hundar mega ekki ganga lausir í gæludýraumhverfinu, verða að vera í bandi þegar þeir fara í göngutúr með eiganda sinn. Þegar hundurinn var húsdýr var gert ráð fyrir að hann væri heima hjá sér, en ef tík var lóða í nágrenninu þótti það góð afsökun fyrir því að bregða sér af bæ.

Kettir höfðu ekki fastan vinnudag eins og hin dýrin, þurftu ekki að sýna frjóssemi eða skaffa feld. Þeir sáu um

að halda músum frá hífýlum hesta, kindu og kúa.

Kettir voguðu sér ekki inn til húsbænda sinna frekar en hundarnir. Köttur sem var að þvælast á öðrum bæjum taldist villiköttur og var réttðræpur.

Nú eru öll þessi dýr orðin gæludýr í okkar bæ. Tilvist þeirra hefur engin áhrif á afkomu eigenda þeirra, eru aðeins þeim til ánægju. Það er mörgum lífsfylling að hugsa um dýr og eiga vináttu þeirra og tryggð.

Þegar byggð þéttist getur verið erfitt að eiga dýr heima hjá sér og um það verður að vera skýrar reglur. Fólki á að hafa rétt til þess að hafa gæludýr, en við verðum að muna það, að gæludýr sem gengur sjálfala verður að teljast villt.

„... gæludýr sem gengur sjálfala verður að teljast villt“



**Guðmundur Einarsson, framhaldsskólakennari á Ísafirði skrifar**

Köttur sem gengur laus, hvort sem það eru 15 mínútur eða ein nótt, er þá kominn í sama flokk og refurinn.

Gæludýrin mín eru gullfiskar. Þeir eru mjög hljóðlátir og skríða ekki inn í hús annarra, en samt þurfa þeir að lúta þeirri sjálfsgöngu reglu að vera heima hjá sér. Ef þeir fara að

synda í öðrum tjörnum mega allir veiða þá.

Ég var að hugsa um að fá mér grís með vorinu. Ef greyði litla sleppur út og rótar í nærliggjandi lóðum, þá veit ég að allir hafa skilning á því að hann verður að víðra sig.

– Guðmundur Einarsson, kennari og sveitamaður.

**Gerist áskrifendur í síma 456 4560**

### Ísafjarðarbær

## Meira kvartað undan hundum og köttum en áður

Halldór Halldórsson bæjarstjóri í Ísafjarðarbæ segir að í fimm ára bæjarstjórnartíð hans hafi hann ekki orðið var við eins miklar kvartanir vegna katta og þó sérstaklega vegna hunda og nú.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur falið landbúnaðarnefnd að semja reglur um húsdýrahald í samvinnu við umhverfisnefnd bæjarins. Einnig var landbúnaðar-

nefnd falið að gera tillögur varðandi frístundabúskap í Ísafjarðarbæ.

„Hvað kemur út úr þessu veit ég ekki en það eru fleiri sveitarfélög að setja reglur um kattahald. Hvað varðar hundana, þá eru það sjálfsgöngu eða örfáir hundaeigendur sem ganga svona um. En hundahald er á undanþágu í sveitarfélaginu og við þurfum að taka hart á því ef þessi mál lagast

ekki“, segir Halldór.

Í gildi eru reglur um frístundabúskap í bæjarfélaginu en Halldór segir að þar hafi til dæmis ekki verið skilgreind nein hámarksstærð búfjárstofna sem leyflegt sé að halda innan bæjarmarkanna. „Við ætlum að fara almennt yfir þessi mál, um kettina, hundana og búfjárhald í þéttbýli“, sagði Halldór.

**Arnar G. Hinriksson hdl.**  
Sílfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

## Fasteignaviðskipti

Eftirtalдар eignir eru einungis sýnishorn úr sölu-skrá okkar, leitið nánari upplýsinga á skrifstofu.

### ÍSAFJÖRÐUR:

**Austurvegur 12:** Tæplega 60 m<sup>2</sup> 3ja herb. íbúð á annarri hæð.

**Fjardarstræti 13:** Húsið er 2 hæðir og kjallari ásamt 50m<sup>2</sup> bílskúr. Góð lóð. Á hvorri hæð er ca. 80m<sup>2</sup> íbúð og í kjallara öfluggerð minni íbúð Húsið selst í einu lagi eða hver íbúð sér.

**Fjardarstræti 14:** Í húsinu eru 3 íbúðir. Á 2. hæð er 4ra herb. 90 m<sup>2</sup> íbúð ásamt risi. Á 1. hæð er 4ra herb. 100m<sup>2</sup> íbúð. Henni fylgir 60m<sup>2</sup> pláss í kjallara og 38m<sup>2</sup> bílskúr. Loks er

60m<sup>2</sup> ósamb. íbúð í kjallara.

**Grundargata 2:** Rúml. 60m<sup>2</sup> 2ja herb. íbúð á 1. hæð. Verð kr. 3.000.000.- Laus.

**Mánagata 6:** Efri hæð 155m<sup>2</sup> 5-6 herbergja.

**Mjallargata 1:** 70m<sup>2</sup> 2ja-3ja herb. íbúð á 2. hæð.

**Smiðjugata 11a,** rúmlega 150m<sup>2</sup> einbýlishús, tvær hæðir, ris og kjallari ásamt litlum bílskúr.

**Stórholt 7:** 3ja herb. íbúð á 2. hæð f.m. Verð kr. 3.800.000. Laus.



**Austurvegur 13:** Efri hæð og ris. Laus 1. maí n.k. Verð kr. 4.500.000.-



**Traðarland 19:** 182 m<sup>2</sup> einbýlishús með innb. bílskúr. Verð kr. 8.000.000.

**Stórholt 13:** 80 m<sup>2</sup> 3ja herb. íbúð á 2. hæð t.h. Góð lán áhvílandi. Gott útsýni. Verð kr. 5.000.000.-

**Stórholt 13:** 3ja herb. íbúð á 3. hæð t.h. Verð kr. 4.500.000.-

**Strandgata 5:** Hnífsdal, 2ja herb. íbúð 65 m<sup>2</sup> á 2. hæð í samþýlishúsi. Íbúðin er laus. Verð kr. 800.000.-

**Urdarvegur 70:** Raðhús með innb. bílskúr alls um 195m<sup>2</sup>. Laust eftir samkomulagi. Verð tilboð.

### BOLUNGARVÍK:

**Heiðarbrún 2:** Rúml. 140m<sup>2</sup> einbýlishús ásamt bílskúr. Laust samkv. samkomulagi.

**Ljósaland 6:** 256,7m<sup>2</sup> einbýlishús með innb. bílskúr. Laust. Verð kr. 3.500.000.-

**Skólastigur 19:** Rúmlega 100m<sup>2</sup> íbúð á efri hæð í parhúsi. Verð kr. 4.200.000.-. Bein sala, en skipti á einb. húsi koma til gr.

**Stigahlið 2 og 4:** 2ja og 3ja herb.

íbúðir. Verð: 1,5 til 3 milljónir.

**Vitastigur 21:** 3ja herbergja íbúð á efri hæð.

**Þjóðólfsvegur 16:** 2ja herbergja íbúð á 3. hæð. Laus. Verð kr. 1.300.000.-

**Þuridarbraut 9:** 122m<sup>2</sup> einbýlishús ásamt 66m<sup>2</sup> bílskúr. Verð kr. 2.800.000.-. Laust.

### BÍLDUDALUR:

**Arnarbakki 1:** 104m<sup>2</sup> einb. hús. Laust. Verð kr. 3.200.000.-

### PATREKSFJÖRÐUR:

**Aðalstræti 120:** 140 m<sup>2</sup> sérhæð í tvíbýlishúsi.

**Aðalstræti 51:** 162 m<sup>2</sup> sérhæð. **Hjallar 10:** Rúmlega 200 m<sup>2</sup> einbýlishús. Mjög illa farið. Verð kr. 200.000.-

**Sigtún 21:** 115 m<sup>2</sup> raðhús.

# Vilja vekja athygli á breiðri forystusveit kvenna í flokknum

Fundaherferð Sjálfstæðiskvenna, Stefnumót við þig, hófst á Ísafirði og tveimur öðrum stöðum á landinu á sunnudag. Alls verða haldnir fjórtán slíkir fundir um land allt á einni viku. „Með fundunum viljum við vekja athygli á því að breiður hópur kvenna er í forystusveit hjá Sjálfstæðisflokknum um allt land, bæði á vettvangi landsmála og í sveitarstjórnnum“, segir Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

Framsögumenn á fundinum á Ísafirði auk Birnu voru Ragnheiður Ríkarðsdóttir, bæjarstjóri Mosfellsbæjar,

Sólveig Pétursdóttir, dóms- og kirkjumálaráðherra og Katrín Fjeldsted alþingismaður. Fundarstjóri var Ragnheiður Hákonardóttir, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ og varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins á Vestfjörðum.

Á þessum fundum er farið almenn yfir stöðu mála í landsstjórninni í einstökum málaflokkum. Jafnframt er litið yfir tólf ára stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórn. Ýmsir framsögumenn eru á þessum fundum, bæði þingkonur, forystukonur á hverjum stað og frambjóðendur í hverju kjördæmi.



Frá fundinum á Ísafirði: Ragnheiður Ríkarðsdóttir, Ragnheiður Hákonardóttir og Sólveig Pétursdóttir.

## Allir háskólar landsins kynna námsframboð sitt á Ísafirði

# Fjarkennsla verði í boði í sem flestum greinum

Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Menntaskólinn á Ísafirði gangast fyrir sameiginlegri háskólakynningu á Ísafirði á föstudag og laugardag, 21. og 22. mars. Á kynningunni munu fulltrúar frá öllum skólum á háskólastigi kynna námsframboð sitt, bæði staðnám og fjarnám. Kynningin verður jafnt fyrir unglinga á framhaldsskólaaldri sem fullorðna.

Með þessu gefst fólki á norðanverðum Vestfjörðum gott tækifæri til að kynna því námi sem í boði er á háskólastigi, segir í tilkynningu frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Í beinu framhaldi af háskólakynningunni er æskilegt að þeir sem huga á fjarnám á háskólastigi næsta vetur hafi samband við Fræðslumiðstöðina og láti vita af sér.

Síðan verður unnið að því

að fá skólana til að bjóða þetta nám með fjarkennslu hér á svæðinu. Mjög mikilvægt er að fólk geri upp hug sinn tímlega áður en umsóknarfrestir renna út. Mikilvægt er að mynda hóp um einstaka greinar svo að hægt verði að skipuleggja námið með þarfir sem flestra í huga.

Kynningin verður á 1. hæð í Menntaskólanum á Ísafirði og stendur kl. 12-18 föstu-

daginn 21. mars og kl 10-14 laugardaginn 22. mars.

Háskólakynning hér vestra er nýmæli og er vonast til að fólk taki henni vel og noti sér þetta tækifæri til að kynna því sem háskólarnir hafa upp á að bjóða. Einhverjar háskólakynningar eru fyrirhugaðar víðar á Vestfjörðum og verða þær auglýstar síðar, segir í tilkynningu Fræðslumiðstöðvarinnar.

## Rækja í Ísafjarðardjúpi í sögulegri lægð

# Ekkert hrun í spilunum

– segir Unnur Skúladóttir fiskifræðingur hjá Hafrannsóknastofnun

Hafrannsóknastofnun hefur lokið við að vinna úr könnun á ástandi rækjustofnsins í Ísafjarðardjúpi sem útibú stofnunarinnar á Ísafirði gerði fyrir skömmu. Unnur Skúladóttir, fiskifræðingur hjá Hafrannsóknastofnun í Reykjavík, segir að ákveðið hafi verið að bæta ekki við kvótann á vertíðinni. „Rækjan í Ísafjarðardjúpi er áfram í lægð. Vísitalan er svipuð nú og í febrúarkönnun árið 2002. Við tökum mið af meðaltali síðustu

tveggja kannana og það er hið lægsta sem við höfum séð síðan kannanirnar voru staðlaðar árið 1987“, segir Unnur.

Þorskgengd hefur mikil áhrif á viðgang rækjunnar en þorskurinn byrjar að éta rækjuna á öðru ári. Unnur segir ekki vera eins mikið af þorski í Djúpinu nú og var til dæmis veturinn 2000-2001. „Út frá því hef ég von til þess að þetta lagist. En auðvitað veit maður það aldrei og það veltur mikið á því hvernig næstu vetur

verða með tilliti til þorskgengdar í Djúpinu“, segir hún. Heyrst hefur frá reyndum rækjuskipstjórum og meðal annars komið fram hér í blaðinu að horfur fyrir rækjuveiðarnar séu dökkar. Unnur segist ekki sjá neitt hrun inni í myndinni.

„Þetta er til dæmis ekki nærri því eins mikill þorskur og var inni á Húnaflóa þegar hrúnið varð þar. En það sem er sérstakt við myndina í ár er að þorskurinn heldur sig inni

í Djúpinu allan veturinn. Þetta sáum við ekki herna á árum áður. Hann sást kannski á haustin en svo var hann ekkert á vorin. Frá vetrinum 1996 til 1997 fer þorskurinn að vera miklu lengur inni í Ísafjarðardjúpi og við förum að fá hann í jafnmiklum mæli í febrúarkönnun og í haustkönnun. Ef þessu ástandi léttir, þá ættum við að geta séð uppbyggingu á rækjustofninum“, sagði Unnur Skúladóttir fiskifræðingur.



Katrín Fjeldsted og Birna Lárusdóttir.



ÍSAFJARÐARBÆR

## SUMARVINNA

Flokkstjórar óskast til starfa í Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar á komandi sumri. Starfsemi hefst síðari hluta máí mánaðar og lýkur í ágúst. Umsóknar-eyðublöð liggja frammi á bæjarskrifstofunni, en einnig má sækja um á vef Félagsmiðstöðvarinnar á Ísafirði undir síðunni „Vinnuskóli“. Veffangið er <http://www.isafjordur.is/felagsmidstod>. Þar má einnig fá nánari upplýsingar um starfsemi komandi sumars. Auglýst verður eftir unglingum til starfa fljótlega.

Nánari upplýsingar um Vinnuskólann fást í sínum 456 3808 og 863 3806.

Forstöðumaður.

## Atvinna

Hótel Edda Núpi vantar starfsfólk í sumar og fólk í aukavinnu um helgar og á álags tímum.

Upplýsingar í sínum 477 1233 og 848 9365.

Hótel Edda, Núpi.



# Vandamálin eru til þess að leysa og læra af

Björgunarsveitir á norðanverðum Vestfjörðum (Svæði 7) gengust fyrir samæfingunni „Öryggi 2003“ síðdegis á laugardag og fram eftir nóttu. Um 80 björgunarmenn voru að störfum þegar mest lét en í heildina voru þátttakendur um 120. Jóhann Bæring Pálmason hjá Björgunarfélagi Ísa-fjarðar segir æfinguna hafa gengið vel.

„Það var vissulega eitt og eitt vandamál sem kom upp en þau eru bara til þess að leysa úr. Það eru alltaf einhver smáatriði sem koma upp á svona æfingum og við þurfum að laga. Fjarskiptin eru til dæmis alltaf erfið hjá okkur. Eins má alltaf skerpa á skyndihjálparkunnáttunni og til þess eru nú þessar æfingar“, segir Jóhann Bæring.

Æfingin hófst síðdegis á

laugardag og segir Jóhann Bæring að leyst hafi verið úr síðustu verkefnum um kl. 3 aðfaranótt á sunnudags. „Þetta var góð lota eins og við var að búast en síðustu menn voru að tínast úr húsi hér um hálffimm um nóttina.“

Í æfingunni tóku þátt björgunarsveitarmenn allt frá Bolungarvík til Þingeyrar. Jóhann Bæring segir samæfingu af þessu tagi hafa mikinn félagslegan tilgang. „Eitt af okkar aðalverkefnum er að vinna saman og það lærum við ekki nema á svona æfingum. Menn verða að vita hvað félaginn kann og getur til að ná árangri í samvinnunni.“

Viðfangsefnin á æfingunni voru fjölþætt og voru sveitir kallaðar út til margvíslegra verkefna. Tilkynnt var um týnda menn á ýmsum stöðum,



Gert að sárum eins hinna „slösuðu“ við verkmenntahúsi Menntaskólans á Ísafirði.

svo sem kajakraðara inni í Djúpi, fjallgöngumenn í Seljadal, fjárbónda í Hnífsdal og skíðagöngumenn á Seljalandsdal. Einnig var sviðsett sprenging í verkmenntahúsi Menntaskólans á Ísafirði,

rústabjörgun í Hnífsdal og tilkynnt um fólk innilokað á Kirkjubólshlíð milli snjóflóða. Loks var tilkynnt um bát sem hefði ekki komið fram og ekki látið vita af sér.



Björgunarsveitarmaður hugar að einum hinna „slösuðu“.

## Nýja barnaverndarnefndin á norðursvæði Vestfjarða

# Laufey kjörin formaður og hættir í félagsmálanefnd

Hin nýja barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum hélt sinn fyrsta fund í fyrir skömmu. Nefndin er skipuð á grundvelli samnings um meðferð barnaverndarmála milli Bolungarvíkurkaupstaðar, Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps. Ekki verður lengur starfandi sérstök barnaverndarnefnd í hverju sveitarfélaganna þriggja.

Laufey Jónsdóttir frá Ísa-fjarðarbæ, framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum, var kjörin formaður hinnar nýju nefndar og Valgeir Scott frá Súðavíkurhreppi varaformaður. Aðrir í nefndinni eru Björn Jóhannesson og Sigríður Bragadóttir frá Ísafjarðarbæ og Krístrún Hermannsdóttir frá Bolungarvíkurkaupstað.

Jafnframt því sem Laufey

tók að sér að sitja í hinnar nýju nefnd og stjórna henni baðst hún lausnar úr félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar, þar sem hún var einnig formaður. Hún sat sinn síðasta fund í félagsmálanefnd daginn fyrir fyrsta fund barnaverndarnefndarinnar. Félagsmálanefnd þakkaði Laufeyju fyrir góða stjórn og óskaði henni alls hins besta í nýrri nefnd.

Á fyrsta fundi barnavernd-

arnefndar var farið yfir áður-nefndan samning um meðferð barnaverndarmála og fylgiskjöl hans sem nefndin starfar eftir. Ákveðið var að halda reglulega fundi á Ísafirði annan og fjórða miðvikudag í mánuði. Fundinn sat einnig Ingibjörg María Guðmundsdóttir, forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar.

## Sæluhelgin á Suðureyri

# Samkeppni um Sæluhelgarlag

Sæluhelgin á Suðureyri er orðin fastur punktur í menningarlífinu á norðanverðum Vestfjörðum á sumri hverju.

Reglulegur liður í hátíðahöldunum er að gefa út Sæluhelgarlag. Að þessu sinni gefst almenningi kostur á senda inn lög í keppni um Sæluhelgarlagið 2003 sem verður hljóðritað og gefið út fyrir hátíðina. Lagið má ekki hafa heyrst áður og textinn verður að einhverju leyti að fjalla um Sæluhelgina, Súgandafjörð eða Suðureyri.

Félagsskapurinn Mansavinir í Súgandafirði vinnur að undirbúningi hátíðarinnar og skipar dómnefnd í keppninni um Sæluhelgarlagið. Ævar Einarsson, einn af forspökkum Mansavina, segir að mikið hafi verið haft samband út af keppninni og hann hafi spurnir af ýmsum sem farnir séu að semja lög af þessu tilefni. „Nú ætlum við að opna þetta þannig að Sæluhelgarlöggin verði ekki alltaf runnin undan rifjum nefndarinnar“, segir Ævar.

Þar sem pulsinn slær...



## STAKKUR SKRIFAR

# Merkur áfangi 17. júní 2003

Það er gleðiefni að nú hafi verið settur lokadagur á flutning Bókasafnsins á Ísafirði í nýuppgert og glæsilegt húsnæði gamla sjúkrahússins á Ísafirði. Það er eitt margra glæsilegra húsa á Ísafirði, byggt af stórhug Vilmundar Jónssonar landlæknis og bæjarstjórnar og teiknað af Guðjóni Samúelssyni. Húsið hefur beðið þess lengi að verða aftur að notum eftir að starfsemi sjúkrahússins fluttist þaðan fyrir einum og hálfum áratug. Fyrir bæjarstjórnarkosningar á Ísafirði 1986 urðu nokkuð hörð skoðanaskipti í hinum pólitísku blöðum í bænum varðandi framtíðarnot hússins. Þáverandi oddviti Sjálfstæðisflokksins á Ísafirði varpaði fram þeirri hugmynd að húsið yrði nýtt fyrir aldraða, sem þyrftu aðhlynningar við, til þess að flytja mætti starfsemi úr þá þjónandi elliheimili bæjarins í Mánagötu, sem nú hefur öðlast nýtt hlutverk gistiúss fyrir ferðamenn, er reyndar ætla sér að staldra skemur við en þeir sem hljóta það hlutskipti að verða gamlir í Ísafjarðarbæ.

Framsóknarmenn höfðu þá, 1986, augastað á sjúkrahúsinu sem bókasafni. Hið skondna í málinu var, að hugmyndasmíður um langlegudeild aldrara í húsinu kvað það að sjálfsögðu mögulegt að þar yrði bókasafn, en slíkt myndi kosta að minnsta kosti eitt hundrað milljónir og ekki verða að gagni fyrr en á næstu öld. Sá spádómur hefur vissulega ræst þrátt fyrir sterk mótmæli framsóknarmanna við honum fyrir 17 árum. Hitt er ef til vill einnig fagnaðarefni að aldrarir langlegusjúklingar eiga sér nú athvarf á nýja sjúkrahúsinu, sem

tók álíka langan tíma í byggingu og tilurð bókasafns í gamla sjúkrahúsinu hefur þegar tekið. Þá er reyndar ekki talað um tímenn sem tók að klára nýja sjúkrahúsið allt. Þá var það ef til vill bjartsýni af hálfu oddvítans fyrrverandi að fleiri rýma fyrir aldrara, en raun ber nú vitni um, væri þörf. Öldruðum hefur ekki fjölgað svo, sem hann virtist gera ráð fyrir þá. En hið sama á við um yngra fólk, bæði miðaldra og ungt. Fólk hefur fækkað á Ísafirði, í Ísa-fjarðarsýslum og á Vestfjörðum öllum. Það er ekki fagnaðarefni heldur þvert á móti. En svona eru staðreyndir lífsins á norðvesturhorni Íslands.

Höfuðborgin og nágrenni hennar laða til sín unga jafnt og aldna. Því er það fagnaðarefni að metnaður bæjarstjórnar og íbúanna skuli vera sá, að leggja metnaðarfulla áherslu á menningu og vöxt hennar og viðgang. Þótt ekki blási byrlega nú dugar ekki að leggja árar í bát. Vart verður við því að búast að Vestfirðir eigi sér það hlutskipti að verða heimkynni stóriðju erlendra fyrirtækja, svo sem er nú að verða að veruleika á Austfjörðum með tilkomu álverksmiðju í Reyðarfirði. Hverjir eru þá kostir Vestfirðinga? Ef til vill ekki margir, en þá skiptir meiru að hafa metnað og leggja áherslu á menningu og menningartengda ferðaþjónustu. Það er einstaklega vel til fundið að opna Bókasafn Ísafjarðar 17. júní næstkomandi í glæsilegri byggingu Guðjóns Samúelssonar. Verðugt væri að minnast hans og Vilmundar með sérstökum stofum í húsinu er bærni nöfn þeirra.

**Stakkur** hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.





## Vefur Karlakórs- ins Ernís opnaður

Það var kátur og rómsterkur hópur sem kom saman í Holts-skóla í Öfundarfirði á fimmtudagskvöldið í síðustu viku. Þar var Karlakórinn Ernir á norðanverðum Vestfjörðum með æfingu eins og venjulega á fimmtudagskvöldum. Hins vegar var meira um að vera en á venjulegum æfingum því að nýhannaður vefur kórsins ([www.ernir.it.is](http://www.ernir.it.is)) var opnaður með hátíðlegum hætti. Það kom í hlut Mariolu Kowalczyk, stjórnanda kórsins, að

opna vefinn. Síðan voru haldnar ræður (og sungið) áður en menn fengu sér kaffi og snittur.

Þrjátíu og sex kórfélagar voru á þessari æfingu og nokkrir gestir. Það leynir sér ekki að Karlakórinn Ernir hefur náð sínum gamla þrótti eftir nokkurra ára dvala. Hann var stofnaður árið 1983 og var vakinn til lífsins á ný í fyrravetur.

Myndasýrpa frá fagnaðinum er á Ljósmyndavef bb.is.



**Flugfarið kostar alltaf**

aðeins **1500** kr.\* aðra leiðina  
fyrir börn yngri en 12 ára ef þú bókar á netinu.

**Njóttu dagsins - taktu flugið með alla fjölskylduna.**

\* Flugvallarkátur og tryggisgjöld  
(100 kr.) er ekki innifalið. Bætur  
verða að vera í fylgt með fulltröum.  
Sjá meiri upplýsingar á [flugfelig.is](http://flugfelig.is)

**flugfelig.is**

**FLUGFÉLAG ÍSLANDS**





# helgargagbókin

skemmtanir • fundir • fólk • sjónvarp • veður • íþróttir • fréttir • kirkjustarf

## smáar

Til sölu eða leigu er stórt einbýlishús í Holtahverfi á Ísafirði. Íbúðin er 175m<sup>2</sup> auk 35m<sup>2</sup> bílskúrs. Uppl. í síma 860 0269.

Til sölu er antik sófasett með útskornum örmum og fótum (3 + 1 + 1). Þarf að yfirdekkja. Uppl. í síma 892 1688.

Ung hjón á Suðureyri vantar ýmislegt innbú. Komum og sækjum það sem þið leggið frá ykkur. Rauðí kross Íslands, sími 456 3180.

Til sölu eða leigu er stórt einbýlishús að Móholti 9 á Ísafirði. Uppl. í síma 896 2880.

Til sölu er Toyota Corolla station, 5 dyra árg. 1998. Sumar og vetrardek, dráttarkrökur, ekinn 79 þús. km. Ásett verð er kr. 750 þús. Hugsanlegskipti á ódyrari bíl. Nánari upplýsingar í síma 892 1688.

Óska eftir 4ra herb. íbúð til leigu fyrir 1. maí. Uppl. gefur Heiða í síma 692 1105.

Spilavist verður í Guðmundarbúð föstudagskvöld kl. 20:00. Allir velkomnir.

Óska eftir að kaupa ódyran bíl. Uppl. í síma 693 7182.

Slysavarnaheldin í Hnífsdal boðar til framhaldsaðalfundar sunnudaginn 23. mars í Félagsheimilinu í Hnífsdal kl. 14:00. Dagskrá: Lagabreytingar, önnur mál mál. Stjórnin.

Rolling Stones aðdáendur! Mig vantar ferðafélaga á Stonestón-leika í Kaupmannahöfn í júlí. Á einn aukna míða. Upplýsingar í síma 894 5732.

Til sölu eru kújur í góðu ástandi. Uppl. í síma 861 8965.

Bráðvantar 3-4 ra herb. íbúð á eyrinni á Ísafirði sem fyrst. Uppl. í síma 867 6810.

Óska eftir að leigja 2ja herb. íbúð á eyrinni á Ísafirði. Uppl. í síma 897 6705.

Til sölu er 160m<sup>2</sup> íbúð á efri hæð á besta stað á Suðureyri. Kjallari og hlaðloft fylgja. Tilboð óskast. Uppl. í síma 456 6769.

Óska eftir vinnu milli kl. 17-21 á daginn. Uppl. gefur Hildur í síma 869 8977.

Til sölu er tölva. Selst ódyrt. Uppl. í síma 868 3190.

Naggrís vantar gott heimili. Uppl. í síma 866 4627.

Til sölu er 90m<sup>2</sup> íbúð á efri hæð ásamt risi og 60m<sup>2</sup> íbúð í kjallara að Fjarðarstræti 14 á Ísafirði. Uppl. í síma 895 7155.

Til sölu er 140m<sup>2</sup> íbúð á efri hæð ásamt bílskúr að Sundstræti 30 á Ísafirði. Uppl. gefur Ásdís í síma 456 5905.

Til sölu er 3ja herb. íbúð í þríbýlishúsi að Hlíðarvegi 16 á Ísafirði. Uppl. í sínum 456 3482 og 893 3143.

Til sölu er MMC Pajero, stuttur, árg. 1987, 4 cyl, bensín, ekinn tæp 200 þús. km. Er á 31" nagladekkjum. Uppl. í sínum 861 4694 og 456 5484.

Til sölu er eldhúsborð, sjónvarpskápur, svalavagn og Silver Cross barnavagn fyrir lítið. Uppl. í síma 849 8719.



SJÓNVARPIÐ

Föstudagur 21. mars

16.35 At  
17.05 Leiðarljós  
17.50 Táknmálsfréttir  
18.00 Pekkóla (10:26)  
18.30 Einn sinni var...  
19.00 Fréttir, íþróttir og veður  
19.35 Kastljósið  
20.10 Ástarbjallan.  
21.40 Af fingrum fram.  
22.25 Vætusöm brúðkaupsveisla. (Monsoon Wedding) Rómantísk gamanmynd frá 2001 um ýmsar uppkomur sem verða í fjögurra daga brúðkaupi á Indlandi. Myndin hefur verið tilnefnd til fjölda verðlauna og hlaut m.a. Gullna ljónið á kvikmyndahátíðinni í Feneeyjum. Meðal leikenda eru Naseeruddin Shah, Lillete Dubey, Shefali Shetty.  
00.20 Jack. Bandarísk bíómynd frá 1996 um dreng sem eldist fjórum sinnum hraðar en önnur börn og lifur út eins fertugur maður þegar hann byrjar í skóla. Aðalhlutverk: Robin Williams, Diane Lane og Jennifer Lopez, e.  
02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok  
05.50 Formúla 1. Bein útsending frá tímatöku fyrir kappaksturinn í Malasíu.

Laugardagur 22. mars

09.00 Morgunstundin okkar  
09.02 Mummi bumba (12:65)  
09.07 Bingur (12:13)  
09.17 Malla mús (52:55)  
09.25 Engilbert (5:26)  
09.38 Albertína ballerína (8:26)  
10.00 Ungur uppfinningsmaður  
10.24 Harry og hrukkudýrin (4:8)  
10.50 Viltu læra íslensku? (11:22)  
11.10 Kastljósið  
11.30 Formúla 1. Uptaka frá tímatöku fyrir kappaksturinn í Malasíu.  
12.50 Íslandsnótið í handbolta. Bein útsending frá leik IBV og Hauka í lokaumferð Eissódeildar kvenna.  
14.25 Þýski fótboltinn. Bein útsending frá leik í þýsku úrvalsdeildinni.  
16.20 Innanhússmeistaramót í sundi. Bein útsending frá Vestmannaeyjum.  
17.50 Táknmálsfréttir  
18.00 Smári spæjarí (25:30)  
18.25 Flugvöllurinn (9:16)  
18.24 Lotó  
19.00 Fréttir, íþróttir og veður  
19.40 Laugardagskvöld með Gísla  
20.25 Spaugstofan  
20.50 Fyrirmyndar unnusti. (Picture Perfect) Rómantísk gamanmynd frá 1997. Kate hefur fundið mann sem hún er hrifin af. Til þess að kanna hvort tilfinningarnar eru gagnkvæmar og gera hann afbrýðisaman ræður hún leikara sem á að þykjast vera kerstinu hennar. Aðalhlutverk: Jennifer Aniston, Jay Mohr og Kevin Bacon.  
22.40 Samserískeningin. (Conspiracy Theory) Spennmynd frá 1997 um mann sem sér samseri í hverju horni. Svo kemur að því að hann hefur rétt fyrir sér um eitt slíkt og eina manneskjan sem getur hjálpað honum er konan sem hann elskar án þess að hún viti af því. Aðalhlutverk: Mel Gibson og Julia Roberts.  
00.50 Indiana Jones.  
02.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok  
06.30 Formúla 1. Bein útsending frá kappakstrinum í Malasíu.

Sunnudagur 23. mars

09.00 Morgunstundin okkar  
09.01 Disneystundin  
09.55 Kobbi (2:13)  
10.25 Franklin (59:66)  
10.50 Nýjasta tækni og vísindi  
11.05 Vísindi fyrir alla (11:49)  
11.15 Spaugstofan  
11.40 Laugardagskvöld með Gísla  
12.25 Mósaik  
13.00 Formúla 1  
15.30 Innanhússmeistaramót í sundi. Bein útsending frá Vestmannaeyjum.  
17.05 Markaregn  
17.50 Táknmálsfréttir  
18.00 Stundin okkar  
18.25 Eva og Adam (7:8)  
19.00 Fréttir, íþróttir og veður  
19.35 Kastljósið  
20.00 Noi, Pam og mennirnir þeirra  
21.15 Nikolaj og Júlía (1:24)  
22.05 Helgarsportíð  
22.30 Hver er hraðdur við Virginíu Woolf? (Who's Afraid of Virginia Woolf?) Bandarísk bíómynd frá 1966 byggð á leikriti eftir Edward Albee. Ungur háskólaekinnari og kona hans þiggja heimboð til starfsþóður hans og eigin konu en allt fer í bál og brand. Aðalhlutverk: Elizabeth Taylor, Richard Burton, George Segal og Sandy Dennis.  
00.35 Kastljósið  
00.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok



Föstudagur 21. mars

06.58 Ísland í bítíð  
09.00 Bold and the Beautiful  
09.20 Í finu formi  
09.35 Oprah Winfrey  
10.20 Ísland í bítíð  
12.00 Neighbours  
12.25 Í finu formi  
12.40 Just Shoot Me (11:22)  
13.00 The Education of Max  
13.45 Fugitive (11:22)  
14.25 Jag (12:24)  
15.15 60 Minutes II  
16.00 Smallville (7:21)  
16.45 Barnatími Stöðvar 2  
17.20 Neighbours  
17.45 Buffy, the Vampire Slayer  
18.30 Fréttir Stöðvar 2  
19.00 Ísland í dag, íþróttir, veður  
19.30 Friends (11:24)  
20.00 Friends (12:24)  
20.25 Off Centre (18:21)  
20.50 The Osbournes (18:30)  
21.15 American Idol (7:32)  
22.30 Final Fantasy. (Þjörgun alheimsins) Fráher teiknimynd fyrir fullorðna þar sem áhorfendur fylgjast með spennandi atburðarás árið 2065. Jörðinni stendur mikil ógn af árás geimvera sem geta að söla alheiminn undan sig. Vísindamaðurinn Aki Ross reynir að finna veikan blett á óvininum en það virðist vera óvinnað verk.  
00.10 Teaching Mrs. Tingle. (Kennim kennararnum) Leigh Ann Watson er duglegur nemandi í framhaldsskóla. Hún á góða vinnu og skólalstyrk og hefur sett stéðuna á frekara nýja í Hárdard. Fyrst verður hún samt að fá góða einkuna í sögu. Því Tingle kennir sögu en hún þýkir mjög viðskotail. Þeim lendir saman og Leigh Ann sér strax að hún getur kvatt menntabrotina. Henni er illa við að gefast upp og ákveður að snúa á kennarann með eftirminnilegum hætti. Aðalhlutverk: Helen Mirren, Katie Holmes, Jeffrey Tambor, Molly Ringwald, Robert Gunt.  
01.40 Shooting Fish. (Auðveldi bráð) Vinirinn Dylan og Jez eru klárir gæjar sem eiga eftir með að finna stað við hæfi. Þeir velja því fyrir sér hvar vill skila á milli þeirra sem gera það gott og þeirra sem fara halloka í lífinu og eru ákveðin í að fela í fótspor þeirra sem komast áfram í lífinu. Á vegi þeirra verður George sem hefur sama markmið en hún þarf mikla peninga og það strax. Aðalhlutverk: Dan Futterman, Kate Beckinsale, Stuart Townsend.  
03.30 Friends (11:24)  
03.50 Friends (12:24)  
04.10 Ísland í dag, íþróttir, veður  
04.35 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 22. mars

08.00 Barnatími Stöðvar 2  
09.55 The Luck of the Irish  
11.25 Yu Gi Oh (10:48)  
11.50 Bold and the Beautiful  
13.30 Viltu vinna milljón?  
14.20 Alltaf í boltanum.  
14.45 Enski boltinn. Bein útsending.  
17.10 Sjálfstætt fólk  
17.40 Oprah Winfrey  
18.30 Fréttir Stöðvar 2  
18.55 Lotó  
19.00 Ísland í dag, íþróttir, veður  
19.30 Angel Eyes. (Vakir yfir) Lögreglu-konan Sharon Pogue stendur andspenis dauðanum kvöld eitt á vaktinni. Ögæfu-maður miðar á hana byssu þegar vegfandi kemur henni til hjálpar. En hver er þessi bjargvættur og hafa kannski örlögin ætlað þeim að hittast? Með Sharon og Catch, en svo heitir maðurinn, takast frekari kynni og þá kemur nokkuð óþægilegt í ljós. Aðalhlutverk: Jennifer Lopez, James Caviezel, Jeremy Sisto.  
21.15 Rat Race. (Hlauparottur) Spreng-hlægileg gamanmynd með úrvalsleikurum. Donald Sinclair rekur spilavíti í Las Vegas. Til að skemmta velunnurum sínum fær hann hóf fólks til að eltaft við tvær milljónir dala. Í þessum leik er allt leyfilegt og þeir sem koma fyrst í mark fá alla upphæðina. Donald lætur vera að greina keppendum frá því að útvaldir vinir hans veðja um úrslitin í þessu æðispennandi kapphlaupi. Aðalhlutverk: Cuba Gooding Jr., Jon Lovitz, Rowan Atkinson, John Cleese, Whoopi Goldberg.  
23.05 54. (Stúdíó 54) Stúdíó 54 var heitasti staðurinn í New York þegar diskóið réð ríkjum. Það voru einungis útváldir sem komust inn og þegar þangað var komið skorti ekki kynlíf, eituryll og umfram allt dúndrandi diskótakt! Aðalhlutverk: Mike Myers, Sela Ward, Salma Hayek.  
00.40 Scream 2. (Óskur 2) Framhald vinsællar hrollveku sem skaut mörgum



**Stærstu stjörnurnar í kvikmyndaborginni Hollywood koma saman á Óskarsverðlaunahátíðinni. Hátíðin verður sýnd í beinni útsendingu á Stöð 2 kl. 23:00 á sunnudagskvöld og stendur útsendingin fram eftir nóttu. Kynnir er leikarinn Steve Martin. Valið um bestu myndina stendur á milli Chicago, Gangs Of New York, The Hours, The Lord Of The Rings: The Two Towers og The Pianist. Á undan hátíðinni verður sýndur klukkustundur langur þáttur um undirbúning hátíðarinnar. Sjá einnig heimasíðu hátíðarinnar [www.oscar.com](http://www.oscar.com).**

áhorfendum skel í bringu hér um árið. Enn er geðveikur morðinginn á kreiki sem ógnar lífi Sydney Prescott og skólafélaga hennar en spurningin er enn sem fyrr: Hver er morðinginn? Aðalhlutverk: Neve Campbell, David Arquette, Courtney Cox, Jerry O'Connell.  
02.35 The Killing. (Uppgrip) Johnny Clay er loksins laus úr fangelsi og kemst að þeirri niðurstöðu að það er ekki áhættunnar virði að fremja einhvern smálepp. Hann ákveður að rena vöðlaupabrátt þar sem er að finna mikla fjármuni og áætlan hans virðist vera pottpétt. Hann getur þetta hins vegar ekki einn og eftir því sem fleiri koma að málinu því fleiri verða brestirnir í þessari snilldaráætlun. Aðalhlutverk: Vince Edwards, Sterling Hayden, Coleen Gray.  
04.00 Tónlistarmyndbönd

Sunnudagur 23. mars

08.00 Barnatími Stöðvar 2  
12.00 Neighbours  
13.50 60 mínútur  
14.35 Normal, Ohio (9:12)  
15.00 Nar mor kommer hjem. (Þegar mamma kemur heim) Hvað gerir maður þegar mamma er ekki heima og von er á fulltrúa félagsmálayfirvalda í heimsókn? Systkininn Kasper, Sara og Julia deylla ekki ráðalaus þegar mamma þeirra er handtekin fyrir þjófnað. Þau skrökva og segja að þabbi sé að passa þau; hann sé bara í baði og geti því ekki komið til dýra! Aðalhlutverk: Kasper Emanuel Svæger, Clara Johanne Simonsen, Pernille Käre Höier.  
16.15 Tónlist  
16.40 Að hetti Sigga Hall (3:12)  
17.10 Naked Chef 2 (6:9)  
17.40 Oprah Winfrey  
18.30 Fréttir Stöðvar 2  
19.00 Ísland í dag, íþróttir, veður  
19.30 Viltu vinna milljón?  
20.20 Sjálfstætt fólk  
20.45 Twenty Four (9:24) (24) Flugvél Jack og Ninu hrapar, Tony kemst að leyndarmáli Mason og Palmer reynir að finna út hvernig best er að takast á við fréttaflopting Weiland.  
21.30 Boomtown (9:22)  
22.15 60 mínútur  
23.00 Rauði dregillinn á Óskarnum  
01.00 Óskarnir undirbúinn  
01.30 Óskarsverðlaunin 2002  
04.35 Tónlistarmyndbönd



Föstudagur 21. mars

18.00 Sportíð með Olís  
18.30 Football Week UK. Nýjustu fréttirnar úr enska boltanum.  
19.00 Trans World Sport  
20.00 4-4-2. Snorri Már og Þorsteinn J. fjalla um enska og spenska fótboltann, Meistaradeildina og allt markvert sem gerist í þessum hasarleik tuttugu og tveggja leikmanna. Þetta er þáttur fyrir

þá sem vita allt um fótbolta og líka þá sem vita lítið sem ekkert.  
21.00 Lethal Tender. (Banvæn bliða) Lögreglumaðurinn David Chase er á leið í venjulega efirlitsferð í vatnsveitu borgarinnar og er sagt að reyna nú einu sinni að halda sig á mottunni. Hann hefur þó varla fyrir heilsað upp á framkvæmdastjórnann, Melissa Wikins, en allt ætlað að ganga af göflunum. Starfsfólkið er tekið í gíslingu, dýrum lest og sprengjum hefur verið komið fyrir. Aðalhlutverk: Jeff Fahey, Kim Coates, Carrie-Anne Moss, Gary Busey.  
22.30 South Park (2:14)  
23.00 4-4-2

23.55 Patton. Mögnuð fjögurra stjarna bíómynd um herforingjann George S. Patton sem var einn freagasti en jafnframt umdeildasti yfirmáður Bandaríkjaðs í síðari heimsstyrjöldinni. Hann kom við sögu í flestum stærstu orrustunum en hann var skapbráður og þver í samskiptum og þess vegna höfðu margir horn í sölu hans. Myndin hlaut sjö Óskarsverðlaun, þ. á m. sem besta myndin, fyrir besta leikara í aðalhlutverki og bestu leikstjórna. Aðalhlutverk: George C. Scott,

Karl Malden, Stephen Young.  
02.40 Dagskrárlok og skjáleikur

Laugardagur 22. mars

12.15 Enski boltinn. Bein útsending frá leik Manchester United og Fulham.  
14.30 4-4-2  
15.45 Intersport-deildin. (4 liða úrslit) Bein útsending.  
17.30 Toppleikur  
19.20 Lotó  
19.25 Nash Bridges IV (7:24)  
20.10 MAD TV  
21.00 Unhook the Stars. (Stjörnurnar stíga niður) Mildred er eldri kona sem hefur alla tíð séð um sig og sína en þegar yngsta barn hennar flytur að heiman myndast ákveðið tómarim í lífi hennar. Einn göngu veðurdag fer hún heimsókn frá yngri nágrannakonu sinni sem á í erfiðleikum með að sjá fyrir barni sínu. Vönduð mynd þar sem fjallað er um samskipti fólks og hvernig náungakærleikur sigar allar þrautir. Aðalhlutverk: Gena Rowlands, Marisa Tomei, Gerard Depardieu, Jake Lloyd.  
22.45 Tim Austin - Rafael Marquez.

## SPORTÍÐ Í BEINNI...



### Sjónvarpið

Föstudagur 21. mars kl. 05:50

Formúla 1: Sýnt beint frá tímatöku í Malasíu

Laugardagur 22. mars kl. 12:50

Íslandsnótið í handbolta karla: IBV – Haukar

Laugardagur 22. mars kl. 14:25

Þýski boltinn: Leikur óákveðinn

Laugardagur 22. mars kl. 16:20

Íslandsmeistaramótið í sundi

Sunnudagur 23. mars kl. 06:30

Formúla 1: Sýnt beint frá keppni í Malasíu

### Sýn

Miðvikudagur 19. mars kl. 19:30

Meistaradeild Evrópu: Valencia – Arsenal

Miðvikudagur 19. mars kl. 21:40

Meistaradeild Evrópu: Newcastle – Barcelona

Fimmtudagur 20. mars kl. 19:45

UEFA-keppnin: Liverpool – Celtic

Laugardagur 22. mars kl. 12:15

Enski boltinn: Manchester United – Fulham

Sunnudagur 23. mars kl. 13:45

Enski boltinn: Liverpool – Leeds

Sunnudagur 23. mars kl. 15:55

Enski boltinn: Arsenal – Everton

Mánudagur 24. mars kl. 19:50

Enski boltinn: Bolton – Tottenham Hotspur







Dauðir fuglar finnast víða við Ísafjarðardjúp og í Jökulfjörðum

# Hafa sennilegast drepist úr hor

Þorleifur Eiríksson hjá Náttúrustofu Vestfjarða segir að nokkuð hafi fundist af dauðum fuglum inn um Djúp og allt vestur um til Ísafjarðar og eitthvað hafi fundist í Jökulfjörðunum líka.

„Þetta er ekki mjög mikill fugladauði, það varð meira vart við þetta í fyrra. Þessir fuglar eru allir mjög horaðir en við tókum sýni úr stuttnefjum inn í Ísafirði og þau eru á leiðinni til Náttúrufræðistofnunar til greiningar. Við viljum ganga úr skugga um hvort eitthvað grunsamlegt sé hér á ferðinni en sennilega eru fuglamir einfaldlega að drepast úr hor“, sagði Þorleifur.

Á sunnudag fundust fimm

fuglahræ, sennilega af langvíum, inni í Skutulsfjarðarbotni í fjörunni rétt innan við brúna yfir Tunguá.

Þorleifur segir talsvert mikið af fuglum hafa fundist á þessum slóðum í fyrravetur. „Ein hugmynd sem hefur verið varpað fram er að ætíð færist til þannig að fuglinn missir af því en svo þegar hann er kominn inn á grunnslóð þar sem er æti, þá hafi hann hreinlega ekki afl til að til að kafa og veiða“, segir Þorleifur.

Hræin eru sum hver illa leikin en Þorleifur segir hrafna, máva og minka kroppa í þau og gera sér að góðu.

„Þau ættu að vera horfin mjög fljótlega“, sagði hann.



Eitt fuglshræjanna sem fundust rétt innan við Tunguá í Skutulsfirði.

Einar Oddur Kristjánsson alþingismaður:

## Fiskistofa mismunar þegnum landsins

Einar Oddur Kristjánsson þingmaður Vestfirðinga fór hörðum orðum um Fiskistofu og starfshætti hennar í viðtali í Svæðisútvarpi Vestfjarða í síðustu viku. Rætt var við hann í tilefni þess að útgerðarmenn og skipstjórar Bjarma BA og Báru ÍS hafa verið ákærðir vegna brottkasts á nokkrum tugum fiska í frægum sjónvarpsröðum.

Einar Oddur sagði Fiski-



Einar Oddur Kristjánsson.

stofu mismuna þegnum og það sé með ólíkindum að verið sé að dæma menn fyrir 12 kílóa brottkast þegar vitað sé af brottkasti og meðafla sem hvergi komi fram hjá öðrum. Níels Ársælsson, útgerðarmaður og skipstjóri á Bjarma BA, hefur verið ákærður fyrir brottkast á samtals 53 fiskum í tveimur sjóferðum en ákært er vegna mun færri fiska í tilvikum Báru ÍS.



### Dansað í Stjórnsýsluhúsinu

Nemendur fjórða bekkjar í Grunnskólanum á Ísafirði, sem njóta handleiðslu Evu Friðþjófsdóttur danskennara, brugðu frá venjum einn morguninn og gengu út í Stjórnsýsluhús þar sem danskennslan þann daginn fór fram. Dansinn stóð allt til hádegis og vakti athygli þeirra sem leið áttu um

húsið. Margir námu staðar og fylgdust með fími nemendanna þegar þeir sýndu barnadansa, suðurameríska dansinn cha cha cha og fleiri sveiflur. Eva segir þetta vera góða tilbreytingu frá hefðbundinni kennslu en einnig auki það sjálfstraust barnanna að koma fram og sýna dans.

Miðstöð atferlis- og eldisrannsóknna á þorski á Vestfjörðum

# Málinu vísað til ríkisstjórnarinnar

Þingsályktunartillögu um að komið verði upp miðstöð atferlis- og eldisrannsókna á þorski á Vestfjörðum, sem Einar K. Guðfinnsson er fyrsti flutningsmaður að, var vísað til ríkisstjórnarinnar að tillögu sjávarútvegsnefndar Alþingis rétt fyrir þingfrestun. Í tillögunni er gert ráð fyrir að ríkisstjórninni verði falið að setja á laggirnar miðstöð atferlis- og eldisrannsókna á þorski á Vestfjörðum, er hafi það hlutverk að standa fyrir og efla rannsóknir á þessu sviði. Höfð

verði samvinna við háskóla- og rannsóknastofnanir og starfsemi rannsóknastofnana á svæðinu verði eflað í því skyni.

Sjávarútvegsnefnd lítur svo á að tillagan falli vel að áformum ríkisstjórnarinnar um eflingu byggða og atvinnulífs í landinu, sem og rannsóknastarfsemi hérlendis. Fjölmargir gáfu nefndinni umsögn sína um málið. Þar á meðal eru Hólaskóli, Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva, Hafró og HG í Hnífsdal.



Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf. í Hnífsdal.

Stuttar af bb.is

## Sextán ára ökumaður

Lögreglan á Ísafirði stöðvaði bifreið á sjötta tímanum á sunnudagsmorgun í hefðbundnu eftirliti. Kom þá í ljós að ökumaðurinn var aðeins 16 ára gamall og með honum var 14 ára vinur hans. Annar þeirra hafði tekið bíllykla af heimili sínu og bauð hinum með sér í bíltúr. Þeir höfðu ekki ekið langt þegar lögregla náði að stöðva ökuferðina.

## Tekinn í þynnkunni

Lögreglan á Ísafirði tók ölvadan ökumann á tíunda tímanum á laugardagsmorgun. Að sögn lögreglunnar hafði maðurinn farið of snemma að aka í morgunþynnkunni. Um hálfimmleytið aðfaranótt laugardagsins var lögreglan kvödd á vettvang vegna tilkynningar um hávaða í heimahúsi.

## Guðjón Arnar inni í NV

„Þetta er eins og ég gerði ráð fyrir“, segir Guðjón Arnar Kristjánsson, nýkjörinn formaður Frjálslynda flokksins. Samkvæmt samandregnum könnunum Fréttablaðsins síðustu fjórar vikur nær Guðjón kjöri sem kjördæmakiörinn þingmaður í Norðvesturkjördæmi. Frjálslyndir eru með 10 prósentu fylgi í kjördæminu skv. könnunum blaðsins.

## Veruleg aflaukning

Afli krókaafلامarksbáta og báta í sóknardaga-kerfi smábáta hefur aukist verulega fyrstu sex mánuði fiskveiðiársins miðað við sama tímabil á síðasta fiskveiðiári. Á sama tíma hefur aflinn í öllum öðrum útgerðarflokkum dregist saman. Meðal annars dróst afli smábáta á aflamarki saman um 6,4%. Þrátt fyrir þetta er kvótastaða bátanna nú rúmlega 9% betri en í fyrra.